

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 22050003

Ákvörðun nr. 5/2023

Þann 17. mars 2023 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 5/2023.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED], dags. 2. maí 2022. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við þátttöku embættis Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu í auglýsingu fyrir félagasamtökin [REDACTED]. En í umræddri auglýsingu kemur nafngreindur lögreglumaður fram í einkennisfatnaði lögreglu, auk þess sem merktar bifreiðar lögreglu eru í bakgrunni. Kvartandi heldur því fram í erindi sínu að nafngreindur lögreglumaður og eftir atvikum embættið hafi með þátttöku sinni viðhaft ámælisverðar starfsaðferðir og framkomu í starfi.

Einnig var kvartað undan Facebook-færslu Lögreglustjórans á Suðurnesjum í annarri kvörtun, dags. sama dag, þar sem kvatt var til þátttöku allra í fjáröflun félagasamtakanna [REDACTED]. Í ljósi þess að Lögreglustjórinn á Suðurnesjum eyddi færslunni á Facebook og baðst afsökunar þá telur nefndin ekki tilefni til að halda áfram með þann hluta málsins.

Nefnd um eftirlit með lögreglu óskaði eftir upplýsingum frá embætti Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu þann 16. júní 2022.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 10. janúar 2023. Í bréfi embættisins kemur m.a. fram eftirfarandi:

„Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu hefur ekki heimildir til að hlutast til um það hvort starfsfólk embættisins fái viðurkenningu eða ekki hjá fjölmiðlum eða öðrum, fyrir vel unnin störf að mati einhverra. Fjölmiðlar og aðrir velja þá aðila sem þeim þykir eiga þessa nafnbót skilið og er það ekki í höndum lögreglustjóra eða annars starfsfólks lögreglu að leggja til slíkra tilnefninga eða koma í veg fyrir þær. LRH hefur ekki séð ástæðu til að gera athugasemd við það að [REDACTED] hafi setið fyrir á mynd, í einkennisfatnaði og við lögreglustöð í þágu [REDACTED]. Telur embættið það falla undir umboð hans í störfum hans hjá LRH án þess að hann þurfi sérstaklega að óska eftir leyfi til þess enda er um að ræða samstarfsaðila á hans starfssviði en þess má geta að [REDACTED] er t.d. nefnd sem úrræði á vef [REDACTED] vegna ráðgjafar varðandi [REDACTED].“

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [REDACTED] er ljóst að kvörtun hans lýtur að meintum ámælisverðum starfsaðferðum starfsmanns embættisins og embættisins í heild sinni.

Nefnd um eftirlit með lögreglu bendir á að 1. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 690/2021 um einkennisfatnað lögreglunnar kveður á um að lögreglumönnum og öðru starfsfólki lögreglu sé óheimilt að nota einkennisfatnað lögreglu utan lögreglustarfsins, nema með heimild lögreglustjóra. Í svari embættisins til nefndarinnar kemur fram að embættið hafi ekki séð ástæðu til að gera athugasemd við það að lögreglumaðurinn hafi setið fyrir á mynd, í

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

einkennisfatnaði og við lögreglustöð í þágu [REDACTED] þar sem embættið telji það falla undir umboð hans í störfum hans hjá embættinu og því hafi hann ekki þurft sérstaka heimild. Nefndin telur að það geti ekki fallið undir umboð einstakra lögreglumanna að taka þátt í auglýsingastarfsemi til að fjármagna frjáls félagasamtök. Umrædd mynd var tekin í fjáröflunarskyni fyrir [REDACTED] og í engum tengslum við lögreglustörf og því er það mat nefndarinnar að afstaða embættisins samræmist ekki ákvæði 1. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 690/2021.

Í svari embættisins kemur einnig fram mat embættisins að það geti ekki gert athugasemdir við að starfsmenn þess hljóti viðurkenningar frá utanaðkomandi aðilum fyrir vel unnin störf. Nefnd um eftirlit með lögreglu hefur áður gert við það athugasemdir hvort eðlilegt sé að lögreglumenn séu að þiggja viðurkenningar fyrir vel unnin störf frá þriðja aðila.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir kvörtun [REDACTED] og þau gögn sem henni bárust frá embætti Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum er lýst í kvörtun [REDACTED] og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefnd um eftirlit með lögreglu að uppi séu vísbendingar um aðfinnsluverða háttsemi embættisins, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur tilefni til að senda erindið til þóknarlegrar meðferðar hjá embættinu og vekja athygli dómsmálaráðuneytisins á ákvörðun nefndarinnar. Nefndin telur ekki tilefni til að aðhafast vegna lögreglumannsins sjálfs þar sem það er mat nefndarinnar að embættið hefði átt að stöðva þátttöku lögreglumannsins í auglýsingunni í lögreglufatnaði. Auk þess er það mat nefndarinnar að verulegum vafa sé undirorpið hvort að myndatakan falli undir lögreglustörf. Nefndin telur því rétt að embættið skoði verklag sitt og fylgni við framangreinda reglugerð.

Niðurstaða

Nefnd um eftirlit með lögreglu telur rétt að senda erindið til Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu til þóknarlegrar meðferðar.

Reykjavík, 17. mars 2023

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 22050007

Ákvörðun nr. 6/2023

Þann 20. febrúar 2023 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 6/2023.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED], dags. 30. maí 2022. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við meint þagnarskyldubrot starfsmanns embættis Lögreglustjórans á Suðurlandi í kjölfar þess að [REDACTED] var handtekinn í maí sl. Fram kemur að vitneskja um handtökuna hafi verið á vitund allra á vinnustað [REDACTED] eftir atvikið. [REDACTED] heldur því fram lögreglumaðurinn sem stöðvaði hann hafi talað opinskátt um handtökuna við yfirmann [REDACTED].

Nefnd um eftirlit með lögreglu óskaði eftir upplýsingum frá embætti Lögreglustjórans á Suðurlandi þann 27. júní 2022.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á Suðurlandi svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 7. júlí 2023. Meðfylgjandi voru afrit af rannsóknargögnum lögreglu vegna málsins auk upptaka úr bókmyndavélum lögreglu af vettvangi auk skýrslutöku á lögreglustöð.

Í bréfi embættisins kemur m.a. fram að af hálfu lögreglustjóra er því alfarið vísað á bug að lögregla hafi upplýst utanaðkomandi um handtöku kæranda, eða meðferð þessa máls að öðru leyti.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaoýggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [REDACTED] er ljóst að kvörtun hans lýtur að meintu þagnarskyldubroti starfsmanna embættisins.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir kvörtun [REDACTED] og þau gögn sem henni bárust frá embætti Lögreglustjórans á Suðurlandi. Þrátt fyrir að meðfylgjandi upptökur sýni fagleg og vönduð vinnubrögð lögreglumanna í umrætt sinn lýtur kvörtunin að meintu broti á þagnarskyldu og ber því nefndinni að senda héraðssaksóknara til þóknanlegrar meðferðar með vísan til 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Erindi [REDACTED] er sent héraðssaksóknara til þóknanlegrar meðferðar.

Niðurstaða

Erindi [REDACTED] er sent héraðssaksóknara til þóknanlegrar meðferðar.

Reykjavík, 20. febrúar 2023

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 22080005

Ákvörðun nr. 7/2023

Þann 17. mars 2023 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 7/2023.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED], dags. 4. ágúst 2022. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við starfsaðferðir og meinta misbeitingu valds starfsmanns Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, sem var að störfum fyrir embætti Lögreglustjórans í Vestmannaeyjum, sunnudagskvöld eða aðfararnótt mánudags 1. ágúst 2022. Fram kemur að kvartandi hafi verið í samræðum við lögreglumann sem hún þekki, þegar nafngreindur lögreglumaður hafi ýtt henni af frekar miklum krafti þannig að hún hafi næstum dottið.

Nefndin óskaði eftir upplýsingum frá Lögreglustjóranum á Vestmannaeyjum þann 15. ágúst 2022.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum svaraði beiðni nefndarinnar með tölvubréfum dags. 17. og 23. ágúst 2022. Þar kemur fram að engar skráningar séu í lögreglakerfi um afskipti af kvartanda og engin gögn til hjá lögreglunni í Vestmannaeyjum um samskipti lögreglumanna á vegum embættisins við hana.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [REDACTED] er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að meintri misbeitingu valds starfsmanns Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu sem var í umrætt sinn við störf í Vestmannaeyjum. Erindi [REDACTED] er skýrt og lýsir meintri ámælisverðri háttsemi lögreglumanns, á svæðinu voru nokkur vitni, þar af lögreglumenn.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindi [REDACTED] Nefndin telur með hliðsjón af því hvernig málsatvikum er lýst í kvörtuninni, að vísbendingar séu uppi um mögulega ámælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu. Nefndinni ber því að senda erindið til Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu til þóknanlegrar meðferðar sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996.

Niðurstaða

Erindi [REDACTED] er sent Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu til þóknanlegrar meðferðar.

Reykjavík, 17. mars 2023

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 22080007

Ákvörðun nr. 8/2023

Þann 17. mars 2023 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 8/2023.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED], dags. 24. september 2022. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við meinta særandi og fjandsamlega framkomu lögreglumanns vegna afskipta sem höfð voru af kvartanda þann 23. september 2022 við [REDACTED]. Fram kemur að kvartandi hafi meðal annars fengið skammir frá lögreglumanni og sakir um að sýna afbrigðilega hegðun á vettvangi.

Nefnd um eftirlit með lögreglu óskaði eftir upplýsingum frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu þann 19. september 2022.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 4. október 2022. Í svarinu kemur fram að ekki sé til myndefni vegna atviksins. Þá var dagbók lögreglu meðfylgjandi þar sem kemur m.a. fram að [REDACTED] hafi verið ósáttur við vinnubrögð lögreglu þegar honum var gert að yfirgefa vettvang og ganga sína leið.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaoýggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kærðu vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [REDACTED] er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að framkomu og starfsaðferðum starfsmanna Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindi [REDACTED] og þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Nefndin telur óheppilegt að ekki séu til staðar myndbandsupptökur hjá lögreglu vegna atviksins en fyrir liggur dagbók lögreglu um umrætt atvik. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtun [REDACTED] og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefnd um eftirlit með lögreglu að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast vegna erindis [REDACTED].

Niðurstaða

Nefnd um eftirlit með lögreglu telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 17. mars 2023

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 22080010

Ákvörðun nr. 9/2023

Þann 28. mars 2023 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 9/2023.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá lögmanni [REDACTED], dags. 26. ágúst 2022. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við að engar upptökur séu til af atburðum sem áttu sér stað á [REDACTED]

Nefnd um eftirlit með lögreglu óskaði eftir upplýsingum frá embætti Lögreglustjórans á Austurlandi þann 19. september 2022. Nefndin óskaði eftir upplýsingum og gögnum er vörðuðu fyrrnefnd afskipti ásamt upptökum úr búkmyndavélum lögreglumanna og eye-witnesskerfum lögreglubifreiðanna. [REDACTED]

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á Austurlandi svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 5. október 2022. Fram kemur í svari embættisins að ekki séu til staðar upptökur úr búkmyndavélum lögreglumanna á vettvangi; annars vegar vegna líttillar hleðslu vélar og hins vegar að láðst hafi að kveikja á vélum sökum þeirra erfiðu aðstæðna sem uppi voru á vettvangi. Jafnframt kemur fram að þær upptökur sem voru til og tengdust málinu hafi verið fengnar embætti héraðssaksóknara. [REDACTED]

[REDACTED] Nefndinni bárust upptökur úr eyewitness-kerfum lögreglubifreiða á vettvangi frá embætti héraðssaksóknara þann 23. janúar 2023.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindi [REDACTED] og þau gögn sem henni bárust frá embætti Lögreglustjórans á Austurlandi. Nefndin telur óheppilegt að ekki séu til upptökur úr búkmyndavélum lögreglumanna á vettvangi, einkum í ljósi þess hve alvarlegir atburðir áttu sér stað í umrætt sinn. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum er lýst í erindi [REDACTED] og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefnd um eftirlit með lögreglu að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Niðurstaða

Nefnd um eftirlit með lögreglu telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindis [REDACTED]

Reykjavík, 28. mars 2023

Margrét Einarsdóttir
varaformaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 22090005

Ákvörðun nr. 10/2023

Þann 17. mars 2023 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 10/2023.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED], dags. 26. september 2022. Í erindinu gerir kvartandi athugasemdir við meint síendurtekin afskipti að ástæðulausu af hálfu starfsmanna embættis Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu óskaði um upplýsingum frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu þann 10. október 2022.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 13. október 2022. Meðfylgjandi voru dagbókarfærslur og lögregluskýrsla vegna þeirra mála sem

afskipti voru höfð af kvartanda síðastliðin ár og upptökur úr bókmyndavélum lögreglumanna vegna tveggja atvika.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [REDACTED] er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að meintum ítrekuðum afskiptum af ástæðulausu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindi [REDACTED] og þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtun [REDACTED] og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefnd um eftirlit með lögreglu að gögn málsins sýni að tilefni hafi verið til afskipta af kvartanda og ekki séu uppi vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast vegna erindis [REDACTED].

Niðurstaða

Nefnd um eftirlit með lögreglu telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 17. mars 2023

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Porbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 22090006

Ákvörðun nr. 11/2023

Þann 17. mars 2023 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 11/2023.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED], dags. 25. september 2022. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við framkomu og starfsaðferðir starfsmanna embættis Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu aðfarnótt sunnudagsins 25. september sl., þegar höfð voru afskipti af henni um kl. 01:30, þegar hún var við akstur í miðbæ Reykjavíkur.

Nefnd um eftirlit með lögreglu óskaði um upplýsingum frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu þann 10. október 2022.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærnum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 17. október 2022. Meðfylgjandi voru dagbókarfærsla, sektarboð, lögregluskýrslur og upptaka úr eye-witnesskerfi lögreglubifreiðarinnar. Fram kemur að í umrætt sinn hafi kvartandi verið að tala í farsíma við akstur og auk þess ekið á akrein ætluðum strætisvögnum.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [REDACTED] er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að framkomu og háttsemi starfsmanna Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindi [REDACTED] og þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtun [REDACTED] og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, sér í lagi upptöku úr lögreglubifreiðinni og þeim orðaskiptum sem fram fara á milli kvartanda og lögreglumanna á henni, telur nefnd um eftirlit með lögreglu að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast vegna erindis [REDACTED].

Niðurstaða

Nefnd um eftirlit með lögreglu telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 17. mars 2023

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 22090008

Ákvörðun nr. 12/2023

Þann 17. mars 2023 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 12/2023.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED], dags. 27. september 2022. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við meint harðræði við handtöku á kvartanda aðfaranótt [REDACTED] sl. Meðfylgjandi erindinu voru ljósmyndir af líkamlegum áverkum kvartanda sem hann á að hafa hlotið í umrætt sinn.

Nefnd um eftirlit með lögreglu óskaði um upplýsingum frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu þann 10. október 2022.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærnum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 18. október 2022. Meðfylgjandi var dagbókarfærsla lögreglu vegna málsins. Fram kemur að óskað hafi verið aðstoðar lögreglu í gegnum Neyðarlínu vegna einstaklings sem var að kasta grjóti á dansleik. Einnig kemur fram að hinn handtekni hafi neitað að gefa upp nafn og kennitölu fyrr en komið var á lögreglustöð og að hann hafi verið látin laus eftir samræður og upplýsingagjöf.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaoýggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kærur vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [REDACTED] er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að meintu harðræði við handtöku.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindi [REDACTED] og þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Nefndin telur afar óheppilegt að ekki séu til staðar upptökur af atvikinu. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtun [REDACTED] og þar sem takmörkuð gögn eru til um atvikið telur nefndin óhjákvæmilegt að vísa erindinu til þóknanlegrar meðferðar hjá embætti héraðssaksóknara.

Niðurstaða

Erindi [REDACTED] er sent til þóknanlegrar meðferðar hjá héraðssaksóknara.

Reykjavík, 17. mars 2023

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 22100001

Ákvörðun nr. 13/2023

Þann 28. mars 2023 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 13/2023.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED], dags. 29. september sl. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við meinta ólögsmæta upplýsingagjöf starfsmanna embættis Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðisins til nafngreinds einstaklings. Fram kemur í erindinu að nafngreindur einstaklingur hafi lagt fram ærumeiðandi ummæli um kvartanda á samfélagsmiðlum og vitnaði þar m.a. í „yfirlýsingar lögreglu“ um kvartanda.

Nefndin óskaði eftir upplýsingum frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu þann 24. nóvember 2022.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumáður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 6. desember 2022. Þar kemur m.a. eftirfarandi fram:

„Farið hefur verið yfir þær upplýsingar og gögn sem lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur skráðar um [REDACTED]. Fjöldmörg samskipti við [REDACTED] eru skráð og [...]. Ekki er að sjá að lögregla hafi verið í samskiptum við annað þeirra, vegna hins. Engar upplýsingar eru hjá lögreglu um samskipti við [REDACTED] eða mögulegar yfirlýsingar sem gætu átt við einhverskonar yfirlýsingar um [REDACTED] eða upplýsingar gefnar um hann.“

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [REDACTED] er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að meintri ólögmætri upplýsingagjöf starfsmanna embættis Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindi [REDACTED] og þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum er lýst í kvörtun [REDACTED] og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefnd um eftirlit með lögreglu að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Niðurstaða

Nefnd um eftirlit með lögreglu telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 28. mars 2023

Margrét Einarsdóttir
varaformaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 22100002

Ákvörðun nr. 14/2023

Þann 28. mars 2023 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 14/2023.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED], dags. 29. september 2022. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við ákvörðun embættis Lögreglustjórans á Norðurlandi vestra um álagningu sektar vegna umferðarlagabrots. Í kvörtun [REDACTED] kemur fram að notkun negldra dekkja hafi verið nauðsynleg í umrætt skipti vegna veðuraðstæðna og því hafi hann ráðlagt [REDACTED] að setja vetrardekkinn undir bifreiðina fyrr en heimilt er skv. reglugerð. Enda hafi hann litið svo á að akstursaðstæður krefðust þess sbr. 6. tl. gr. 16.02 reglugerðar nr. 822/2004 um gerð og búnað ökutækja.

Nefndin óskaði eftir upplýsingum frá Lögreglustjóranum á Norðurlandi vestra þann 7. desember 2022.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumáður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á Norðurlandi vestra svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi þann 14. desember 2022. Meðfylgjandi voru gögn málsins og upptaka úr eye-witnesskerfi lögreglubifreiðarinnar. Í bréfi embættisins kemur m.a. eftirfarandi fram:

„Það var mat lögreglumanna að undanþága bannsins ætti ekki við með hliðsjón af akstursaðstæðum og var brotið kært. Engin frekari rannsókn fór fram og var málið sent aðstoðarsaksóknara embættisins til afgreiðslu. Það var mat aðstoðarsaksóknara embættisins að um væri að ræða refsiverða háttsemi og af því tilefni var kvartanda sent sektarboð sem hann hefur ekki sinnt.“

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kærur vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [REDACTED] er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að athugasemdum við mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga nr. 90/1996.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindi [REDACTED] og þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á Norðurlandi vestra. Nefndin telur óheppilegt að ekki séu til upptökur úr búkmyndavélum af afskiptunum. Nefndin telur hins vegar að með hliðsjón af því hvernig málsatvikum er lýst í kvörtun [REDACTED] og eðli kvörtunarinnar að erindið falli ekki undir valdheimildir nefndarinnar með vísan til 1. kafla, þar sem erindið varðar almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga. Erindi [REDACTED] er því vísað frá nefndinni.

Niðurstaða

Erindi [REDACTED] er vísað frá nefndinni.

Reykjavík, 28. mars 2023

Margrét Einarsdóttir
varaformaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík

Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051

Netfang: nel@nel.is

Tilv.: 22100003

Ákvörðun nr. 15/2023

Þann 24. maí 2023 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 15/2023.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi [REDACTED] ags. 30. september 2022. Í erindinu felst beiðni um rannsókn á meintum alvarlegum brotum starfsmanna Lögreglustjórans á Suðurnesjum. Farið er fram á að nefndin rannsaki eftirfarandi:

1.

2.

3.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

3.


Erindi [REDACTED] felur í sér beiðni um rannsókn nefndarinnar á meintum alvarlegum brotum starfsmanna Lögreglustjórans á Suðurnesjum, sem ekki falla undir valdheimildir hennar sbr. 1. kafla.

Samkvæmt framangreindu og með hliðsjón af VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996 og hlutverki nefndarinnar sbr. 35. gr. a. sömu laga, er erindinu vísað frá nefndinni.

Niðurstaða

Erindi [REDACTED] er vísað frá nefndinni.

Reykjavík, 24. maí 2023


Margrét Einarsdóttir
varaformaður


Kristín Edwald


Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 22100005

Ákvörðun nr. 16/2023

Þann 28. mars 2023 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 16/2023.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst framsent erindi [REDACTED] frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu, dags, 28. október 2022. Í framsendu erindi kemur kvartandi á framfæri athugasemdum við framkomu starfsmanns embættisins þegar höfð voru afskipti af honum þann [REDACTED], þar sem hann var við akstur á Kringlumýrabraut.

Nefnd um eftirlit með lögreglu óskaði eftir upplýsingum frá embætti Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu þann 24. nóvember 2022.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 27. desember 2022. Í bréfi embættisins kemur m.a. fram eftirfarandi:

„Við skoðun í dagbók lögreglu og við nánari eftirgrennslan hjá starfsmönnum lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu hefur ekkert fundist bókað um samskipti við [REDACTED] sem átt getur við það sem hann lýsir í kvörtun sinni. Starfsmenn embættisins könnuðust ekki við að hafa átt við hann orðaskipti er hann ók um á bifreið sinni þennan dag eða aðra daga.“

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [REDACTED] er ljóst að kvörtun hans lýtur að framkomu og starfsháttum starfsmanna Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir kvörtun [REDACTED] og þau gögn sem henni bárust frá embætti Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Nefndin telur óheppilegt að hvorki sé til skráning vegna afskiptanna né upptökur en ljóst er að slíkar upptökur hefðu varpað skýru ljósi á málsatvik. Engu að síður með hliðsjón af því hvernig málsatvikum er lýst í kvörtun [REDACTED] og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefnd um eftirlit með lögreglu að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Niðurstaða

Nefnd um eftirlit með lögreglu telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindis [REDACTED]
[REDACTED]

Reykjavík, 28. mars 2023

Margrét Einarsdóttir
varaformaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík

Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051

Netfang: nel@nel.is

Tilv.: 22110001

Ákvörðun nr. 17/2023

Þann 24. apríl 2023 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 17/2023.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst framsent erindi [REDACTED] til þóknanlegrar meðferðar frá héraðssaksóknara með vísan til 3. mgr. 4. gr. reglna nr. 222/2017 sbr. b. lið 1. mgr. 35. gr. a. lögreglulaga nr. 90/1996, dags. 20. október 2022. Í erindinu kemur fram að [REDACTED] hafi lagt inn kæru hjá héraðssaksóknara á hendur starfsmanna lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu þann 29. september 2022, fyrir meinta hótun, ofbeldi og meint skemmdarverk á skráningarkerkjum í hans eigu þegar voru klippt af bifreið hans þann 5. maí 2020.

Embætti héraðssaksóknara komst að þeirri niðurstöðu í málinu að ekki þættu efni til að hefja rannsókn vegna kærunnar og var henni vísað frá með vísan til 4. mgr. 52. mgr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumáður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaoýggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

3.


Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [REDACTED] er ljóst að um er að ræða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi lögreglumanna. Í ljósi þess að embætti héraðssaksóknara vísaði málinu frá og framsendi nefndinni erindið til þóknanlegrar meðferðar, tekur nefndin það til meðferðar með hliðsjón af starfsháttum og starfsaðferðum starfsmanna Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindi [REDACTED] og þau gögn sem henni bárust frá héraðssaksóknara. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum er lýst í framsendu erindi og meðfylgjandi gögnum, telur nefnd um eftirlit með lögreglu að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega ámælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindis [REDACTED]

Niðurstaða

Ekki er tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 24. apríl 2023


Margrét Eiharsdóttir
varaformaður


Kristín Edwald


Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 22110002

Ákvörðun nr. 18/2023

Þann 28. mars 2023 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 18/2023.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED], dags. 17. ágúst 2022. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við framkomu og starfsaðferðir starfsmanna embættisins þann 10. ágúst 2022 á Keflavíkurflugvelli. Kvartandi heldur því fram að líkamsleit hafi verið framkvæmd á honum að ástæðulausu og öll framkoma lögreglumanna í umrætt sinn hafi verið dónaleg og ofbeldisfull.

Nefndin óskaði eftir upplýsingum frá Lögreglustjóranum á Suðurnesjum þann 3. janúar 2023.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 10. janúar 2023. Meðfylgjandi voru öll gögn málsins, myndbandsupptökur úr búkmyndavélum lögreglumanna á vettvangi og á lögreglustöð.

Málgögnin eru ítarleg og varpa skýru ljósi á málsatvik og ástæður þess sem leiddu til afskipta af kvartanda í umrætt sinn. Eftir yfirferð nefndarinnar á meðfylgjandi gögnum og þá helst upptökum úr búkmyndavélum, fær nefndin ekki annað séð en að starfsmenn lögreglu hafi gengið fram af fagmennsku og að allar aðgerðir á vettvangi hafi verið í samræmi við gildandi lög og verklagsreglur.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [REDACTED] er ljóst að kvörtunin lýtur að framkomu og starfsaðferðum starfsmanna Lögreglustjórans á Suðurnesjum.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindi [REDACTED] og þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á Suðurnesjum. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtun [REDACTED] og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, sér í lagi upptökum af afskiptunum, telur nefnd um eftirlit með lögreglu að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Þá bera upptökurnar með sér að viðkomandi lögreglumenn komu vel fram í samskiptum við kvartanda og að ekkert tilefni er til að gera athugasemdir við framkomu þeirra eða framkvæmd lögreglustarfa í umrætt sinn. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast vegna erindis [REDACTED].

Niðurstaða

Nefnd um eftirlit með lögreglu telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 28. mars 2023

Margrét Einarsdóttir
varaformaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 22110003

Ákvörðun nr. 19/2023

Þann 13. júní 2023 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 19/2023.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED] dags. 1. nóvember 2022. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við framkomu og starfshætti starfsmanna embættisins þann 21. október sl., þegar afskipti voru höfð að kvartanda. Fram kemur í erindinu að kvartandi hafi verið beittur harðræði að ósekju og að framkoma lögreglu hafi verið dónaleg í umrætt sinn.

Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu þann 3. janúar 2022.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar þann 22. maí sl., meðfylgjandi var dagbókarfærsla lögreglu vegna málsins og upptaka úr búkmyndavél.

Eftirfarandi kemur m.a. fram í dagbókarfærslu lögreglu vegna atviksins:

„Hann var strax með leiðindi við lögreglu, neitaði að trúá að við værum lögreglan og bakkaði frá okkur. Hann virtist vera að reyna að koma sér undan lögreglu. Á þessu stigi grunaði okkur að hann væri viðriðin fyrra málið. Við tókum þá í sitthvora hendi [REDACTED] sem að byrjaði að streitast á móti og enduðum við að færa hann í handjárn.

Fljótlega kom í ljós að [REDACTED] tengdist ekki málinu. [REDACTED] neitaði að gefa upp persónuupplýsingar og heimitaði að fá að ræða við lögmann. Ég sagðist ætla að fá kennitölu og síðan væri honum frjálst að hafa samband. Hann syndi lítinn samstarfsvilja. Á endanum gaf hann upp kennitölu. Þá var hann frjáls ferða sinna.“

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [REDACTED] er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að framkomu og starfsháttum starfsmanna Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindi [REDACTED] og þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Nefndin telur óheppilegt að ekki séu til frekari upptökur úr búkmyndavélum á vettvangi en meðfylgjandi upptaka sýnir aðeins brot af afskiptunum. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum er lýst í kvörtun [REDACTED] og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefnd um eftirlit með lögreglu að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindis [REDACTED]

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Niðurstaða

Ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 13. júní 2023

Margrét Einarsdóttir
varaformaður


Kristín Edwald


Margrét Einarsdóttir


Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík

Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051

Netfang: nel@nel.is

Tilv.: 22110009

Ákvörðun nr. 20/2023

Þann 24. apríl 2023 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 20/2023.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED] dags. 25. nóvember 2022. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við framkomu og háttsemi starfsmanna embættisins þegar höfð voru afskipti af kvartanda þann 26. september 2022. Fram kemur í erindinu að framkoma lögreglumanna í umrætt sinn hafi verið dónaleg og að þeir hafi veitt kvartanda eftirför að ástæðulausu eftir afskiptin.

Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá Lögreglustjóranum á Vesturlandi þann 3. janúar 2023.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

2.

Lögreglustjórinn á Vesturlandi svaraði beiðni nefndarinnar með bréfum dags. 13. og 18. janúar 2023. Meðfylgjandi var lögregluskýrsla vegna málsins og upptökur úr eye-witnesskerfum lögreglubifreiðarinnar og búkmyndavélum lögreglumanna á vettvangi.

Fram kemur m.a. í bréfi embættisins dags. 13. janúar sl., að umrædd afskipti hafi verið vegna meints of hraðs aksturs kvartanda. Einnig kemur fram eftirfarandi:

„Lögreglumenn á vettvangi kannast ekki við að nein dónaleg orðaskipti hafi átt sér stað. Lögreglumenn á vettvangi kannast ekki við að ökumanni hafi verið veitt eftirför eftir afskiptin. Hafa ber í huga að viðkomandi lögreglumenn voru við umferðareftirlit á Vesturlandsvegi og héldu þeim störfum áfram eftir að afskipti höfðu verið höfð í umræddu máli.“

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [REDACTED] er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að framkomu og starfsháttum starfsmanna Lögreglustjórans á Vesturlandi.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindi [REDACTED] og þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á Vesturlandi. Ljóst er af upptökum úr búkmyndavélum sem og upptökum úr eye-witness kerfi lögreglubifreiðarinnar að ekki eru uppi vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindis [REDACTED]

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Niðurstaða

Ekki er tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 24. apríl 2023



Margrét Einarsdóttir
varaformaður



Kristín Edwald



Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 21060008

Ákvörðun nr. 21/2023

Þann 22. mars 2023 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 21/2023.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi [REDACTED], framsent frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu dags. 21. júní 2021. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við starfsaðferðir og framkomu lögreglu þann 18. apríl sl., þegar höfð voru afskipti af kvartanda. Fram kemur í erindinu að kvartandi telur að lögregla hafi stöðvað bifreið hans vegna þess að ljósín á bifreiðinni voru biluð. Í kjölfarið hafi kvartandi upplifað fordóma og dónaskap, ásamt því að vera beittur harðræði við handtöku af óeinkennisklæddum lögreglumönnum sem komu síðar á vettvang. Einnig kemur fram að hann hafi hvorki verið upplýstur um ástæðu handtökunnar né upplýstur um rétt sinn til lögmanns.

Meðfylgjandi framsendu erindi var bréf frá embættinu þar sem kom m.a. fram að málið væri til meðferðar á ákærusviði og að lokinni meðferð yrðu gögn málsins afhent nefndinni.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákæruvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega

starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu afhenti nefndinni gögn málsins þann 10. janúar sl. Meðfylgjandi voru lögregluskýrslur vegna málsins, dagbókarfærslur lögreglu ásamt upptökum úr búkmyndavélum lögreglumanna á vettvangi og eyewitness-kerfi lögreglubifreiðar.

Af meðfylgjandi upptökum er ekki ljóst á hvaða grundvelli kvartandi var upphaflega handtekinn. Var honum ekki gefinn upp ástæða hennar fyrr en allnokkru síðar. Frá þeim tíma að hann var handtekinn og færður inn í lögreglubifreið og þar til honum var gefinn upp ástæða handtökunnar vaknar grunur hjá lögreglunni um að kvartandi sé undir áhrifum fíkniefna. Er honum u.þ.b. 17 mínútum eftir handtökuna gefið upp að sá grunur sé ástæða handtökunnar. Ekki verður séð af meðfylgjandi upptökum að honum hafi verið kynntur réttur sinn til verjanda. Þá bera upptökurnar með sér að framkvæmd handtökunnar sé ívið harkalegri en tilefni var til en hún var framkvæmd af lögreglumanni sem kallaður var til aðstoðar. Kvartandi var vissulega með neikvætt viðmót við lögregluna en ekki verður þó séð af meðfylgjandi upptökum að hann hafi verið ógnandi eða að hann hafi ekki fylgt skýrum fyrirmælum lögreglu. Jafnframt kemur ekki fram á upptökunum að ástæða handtöku hafi verið að hann fylgdi ekki fyrirmælum lögreglu líkt og lögregluskýrsla ber með sér.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [REDACTED] er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að meintu harðræði við handtöku og dónalegri framkomu starfsmanna Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu þegar höfð voru afskipti af kvartanda í umrætt sinn.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir kvörtun [REDACTED] og þau gögn sem henni bárust frá embætti Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum er lýst í kvörtun [REDACTED] og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefnd um eftirlit með lögreglu að uppi sé vafi um hvort starfsaðferðir á vettvangi

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

samræmist III. kafla laga nr. 90/1996. Telur nefndin að háttsemin geti talist ámælisverð og beinir þeim tilmælum til Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu að taka málið til þóknanlegrar meðferðar sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996.

Niðurstaða

Erindi [REDACTED] er sent Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu til þóknanlegrar meðferðar.

Reykjavík, 22. mars 2023

Margrét Einarsdóttir
varaformaður


Grímur Sigurðarson

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Skuggasundi 3, 101 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 22040001

Ákvörðun nr. 22/2023

Þann 22. mars 2023 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 22/2023.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED] lögmanni f.h. [REDACTED] [REDACTED] dags. 27. apríl 2022. Kvörtunin beindist að Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu þar sem embættið hafði ekki svarað kæru kvartanda frá 10. febrúar 2022, er laut að meintri rangri skýrslugerð starfsmanns [REDACTED] vegna umferðaróhapps sem kvartandi varð fyrir þann 6. október 2021. Kvartandi hélt því fram að skýrslan hafi verið fölsuð og embættinu því borið að rannsaka málið með vísan til 1. gr. lögreglulaga sbr. 8. gr. sömu laga.

Nefndinni barst erindið einnig framsent frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu þann 11. maí 2022.

Þann 15. júní 2022 bárust nefndinni frekari gögn frá lögmanni kvartanda. Meðfylgjandi voru frávísun Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu á kæru kvartanda dags. 11. maí 2022, með vísan til 4. mgr. 52. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála og kæra frávísunarinnar til ríkissaksóknara.

Nefndinni barst afstaða ríkissaksóknara til kæru dags. 25. ágúst 2022 þann 1. september sl., þar sem ákvörðun Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu frá 11. maí 2022 um að vísa frá kæru í umræddu var staðfest.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [REDACTED] má ætla að kvörtunin lúti að meintu aðgerðarleysi og skorti á svörum frá embætti Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu í kjölfar þess að hún lagði fram kæru.

Niðurstaða

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindi [REDACTED] og þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtun [REDACTED] er varða skort á svörum og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefnd um eftirlit með lögreglu að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast vegna þáttar erindisins.

Hvað varðar þann þátt erindisins er varðar meint aðgerðarleysi lögreglu í kjölfar kæru telur nefndin að um sé að ræða kvörtun og athugasemdir sem lúta að rannsókn lögreglu. Ekki fellur undir valdsvið nefndarinnar að endurskoða eða að fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða um framkvæmd rannsóknar sakamála á grundvelli laga um meðferð sakamála nr. 88/2008. Það er hlutverk ríkissaksóknara að fara með eftirlit með framkvæmd ákærvalds hjá öðrum ákærendum sbr. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 88/2008. Erindinu er því vísað frá nefndinni.

Reykjavík, 22. mars 2023

Margrét Einarasdóttir
varaformaður


Grímur Sigurðarson

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 22060001

Ákvörðun nr. 23/2023

Þann 22. mars 2023 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 23/2023.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst framsent erindi lögmanns f.h. [REDACTED], frá embætti Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu þann 1. júní 2022. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við meint harðræði við handtöku og í fangaklefa þann 22. maí sl.

Nefnd um eftirlit með lögreglu óskaði um upplýsingum frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu þann 8. ágúst 2022.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 15. ágúst 2022. Meðfylgjandi voru lögregluskýrsla vegna málsins og upptökur af vettvangi og lögreglustöð.

Í skýrslu lögreglu kemur m.a. fram að afskipti voru höfð af kvartanda í kjölfar tilkynningar um meintan ölvunarakstur ökumanns auk þess sem að börn væru í bifreiðinni í [REDACTED] um klukkan eitt að nóttu aðfararnótt sunnudags. Fram kemur einnig að kvartandi hafi neitað að blása í áfengismæli á vettvangi og síðar neitað að gangast undir blóðsýnatöku á lögreglustöð.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [REDACTED] er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að meintu harðræði starfsmanna Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, við handtöku og í fangaklefa.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindi [REDACTED] og þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtun [REDACTED] og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, sér í lagi upptökum af afskiptunum, telur nefnd um eftirlit með lögreglu að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Þá bera upptökurnar með sér að viðkomandi lögreglumenn komu vel fram í samskiptum við kvartanda og að ekkert tilefni er til að gera athugasemdir við framkomu þeirra eða framkvæmd lögreglustarfa í umrætt sinn. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast vegna erindis [REDACTED]

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Niðurstaða

Nefnd um eftirlit með lögreglu telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 22. mars 2023

Margrét Einarsdóttir
varaformaður


Grímur Sigurðarson

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 22120006

Ákvörðun nr. 24/2023

Þann 22. mars 2023 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 24/2023.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi lögmanns f.h. [REDACTED] dags. 4. október 2022. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við starfsaðferðir lögreglu og heilindi fulltrúa ákærvaldsins í tenglum við rannsókn og málsmeðferð á umferðarslysi sem kvartandi varð fyrir þann [REDACTED]

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögsmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

3.

Af erindi [REDACTED] er ljóst að kvörtunin lýtur í meginatriðum að athugasemdum um að ákvæðum laga um meðferð sakamála nr. 88/2008, hafi ekki verið fylgt við meðferð málsins og öðrum athugasemdum er varða fulltrúa ákærvaldsins.

Ekki fellur undir valdsvið nefndarinnar, sbr. 1. kafla að hafa eftirlit með handhöfum ákærvalds. Slíkt eftirlitshlutverk er í höndum ríkissaksóknara. Er erindinu því vísað frá nefndinni.

Niðurstaða

Erindi [REDACTED] er vísað frá nefndinni.

Reykjavík, 22. mars 2023

Margrét Einarsdóttir
varaformaður


Grímur Sigurðarson

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 22120005

Ákvörðun nr. 25/2023

Pann 28. mars 2023 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 25/2023.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED], dags. 31. ágúst 2022. Í erindinu gerir [REDACTED] alvarlegar athugasemdir við rannsóknaraðferðir sýslumannsins á Bolungarvík árið 1997 á meintum ítrekuðum kynferðisbrotum gegn [REDACTED]. Stjórn rannsóknarinnar var hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins en starfsmenn sýslumanna tóku skýrslur af meintum sakborningum í sínum umdæmum.

[REDACTED] lýsir meintum brotum í bréfi sínu til nefndarinnar en atburðir áttu sér stað árið 1997. Ekki þykja efni til að rekja atburði þá hér.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

2.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

3.

Líta verður svo á að umkvörtunarefni varði meint brot í starfi og geti jafnvel fallið undir brot á almennum hegningarlögum. Rannsókn málsins fór fram árið 1997 eða fyrir 26 árum. Er sönnunarstaðan í málinu erfið sökum þess hversu langt er liðið frá hinu ætlaða broti. Þá er ljóst að jafnvel þó sök væri fyrir hendi af hálfu fyrrverandi sýslumanns á Bolungarvík, væri hún fyrnd, sbr. 1. mgr. 81. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þá skal nefndin vísa erindum frá séu tvö ár liðin frá þeirri háttsemi sem kvörtunin lýtur að nema sérstakar ástæður mæli til annars, sbr. 5. tölul. 35. gr. a lögreglulaga. Með vísan til þess hversu langt er um liðið frá hinu ætlaða broti þykja engar sérstakrar ástæður mæla með því að það sé tekið til meðferðar.

4.

Í ljósi þess að liðin eru áratugir frá því að meint brot áttu sér stað telur nefndin að vísa beri erindinu frá, sbr. 5. tölul. 35. gr. a. lögreglulaga nr. 90/1996.

Niðurstaða

Erindi [REDACTED] er vísað frá nefndinni.

Reykjavík, 28. mars 2023

Margrét Einarsdóttir
varaformaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 22120007

Ákvörðun nr. 26/2023

Þann 24. apríl 2023 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 26/2023.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi lögmanns f.h. [REDACTED] dags. 13. júní 2022. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við rannsóknaraðferðir starfsmanna Lögreglustjórans á Suðurnesjum við rannsókn á umferðarslysi sem kvartandi varð fyrir þann 28. desember 2019.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumáður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsókna sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögsmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

3.

Af erindi [REDACTED] er ljóst að kvörtunin felur í sér athugasemdir við rannsóknaraðferðir starfsmanna Lögreglustjórans á Suðurnesjum, við rannsókn á umferðarslysi sem hann varð fyrir. Erindið lýtur einnig að háttsemi sem átti sér stað fyrir meira en tveimur árum.

Ekki fellur undir valdsvið nefndarinnar sbr. 1. kafla að endurskoða framkvæmd rannsóknar samkvæmt lögum um meðferð sakamála. Samkvæmt framangreindu og með hliðsjón af 5. mgr. 35. gr. a. lögregluglaga nr. 90/1996, sem kveður á um að erindum skuli vísað frá nefndinni séu tvö ár liðinn frá þeirri háttsemi sem kvörtunin lýtur að, er erindinu vísað frá nefndinni.

Niðurstaða

Erindi [REDACTED] er vísað frá nefndinni.

Reykjavík, 24. apríl 2023

Margrét Einarsdóttir
varaformaður


Grímur Sigurðarson

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 22020001

Ákvörðun nr. 27/2023

Þann 28. mars 2023 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 27/2023.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu hefur borist erindi frá [REDACTED], móður [REDACTED], dags. 2. febrúar sl. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við framkomu og starfshætti starfsmanna Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Fram kemur að aðfaranótt sunnudagsins 30. janúar sl. voru afskipti höfð af [REDACTED] á heimili hans vegna kvörtunar yfir ónæði frá íbúð [REDACTED] býr ásamt móður sinni. Í erindinu kemur fram að lögreglumenn hafi í tvígang bankað upp á hjá honum og kannað hvort samkvæmi væri í gangi. Í fyrra skiptið hafi þeir lýst inn um glugga á íbúðinni. Í seinna skiptið bankað og sagt við hann „hvort hann haldi að þeir séu heimskir“ og svo var vaðið inn í íbúðina. Að svo búnu hafi þeir farið þar sem ljóst var að [REDACTED] var einn á heimilinu.

[REDACTED] hafi svo hringt í lögreglu skömmu síðar og kvartað undan hávaða frá nágrannakonu sem hefur að sögn móður hans verið ítrekað til mikilla vandræða. Þegar starfsmenn lögreglu hafi mætt aftur staðinn um kl. 03:00 var [REDACTED] spurður að því hvort hann hafi kvartað undan hávaða. Þegar hann játaði því hafi hann mætt slæmri framkomu og leiðindum. Móðir [REDACTED] telur starfsmenn lögreglu hafa farið offari með framangreindum aðgerðum [REDACTED] hafi orðið miður sín eftir þá framkomu sem hann þurfi að þola af hálfu lögreglu í umrætt sinn.

Nefnd um eftirlit með lögreglu óskaði eftir upplýsingum frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu þann 24. febrúar 2022. Einnig var óskað eftir upplýsingum frá embætti Ríkislögreglustjóra þann 16. ágúst 2022.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærnum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi þann 3. mars sl. Meðfylgjandi var dagbókarfærsla lögreglu vegna málsins en ekki voru gerðar skýrslur vegna málsins. Engar upptökur eru til af afskiptunum. Eftirfarandi kemur m.a. í bréfi lögreglu: „Ekki er að sjá að skráð hafi verið tilkynning [REDACTED] um hávaða í nágrenni þessa nótt eða aðra [...]“.

Nefndinni barst upptaka af símtali frá ríkislögreglustjóra þann 27. mars sl., þar sem heyra má son kvartanda kvarta til lögreglu vegna hávaða þann 30. janúar 2022.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [REDACTED] er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að framkomu og starfsaðferðum starfsmanna embættisins í umrætt sinn.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindi [REDACTED] og þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu og ríkislögreglustjóra. Nefndin telur óheppilegt að engar upptökur úr búkmyndavélum séu til af afskiptunum og ámælisvert að kvörtunin hafi hvorki verið skráð í kerfi lögreglu né skýrsla gerð um samskiptin. Með hliðsjón af því telur nefnd um eftirlit með lögreglu rétt að senda erindið til Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu til þóknanlegrar meðferðar.

Niðurstaða

Erindi [REDACTED] er sent Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu til þóknanlegrar meðferðar.

Reykjavík, 28. mars 2023

Margrét Einarsdóttir
varaformaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík

Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051

Netfang: nel@nel.is

Tilv.: 23010006

Ákvörðun nr. 28/2023

Þann 24. apríl 2023 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 28/2023.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED] dags. 15. desember 2022. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við framkomu og starshætti starfsmanna embættisins þegar fjórir óeinkennisklæddir lögreglumenn komu að heimili móður hans þann 28. júlí 2022, þar sem hann er búsettur og óskuðu eftir að ná tali af kvartanda. Fram kemur að engar skráningar séu til um atvikið. Einnig kemur fram í erindinu að nafngreindur lögreglumaður hafi tjáð móður kvartanda að ástæða heimsóknarinnar hafi verið að umræddum lögreglumönnum hafi verið hugsað til kvartanda og þeir ákveðið að kíkja í heimsókn til hans og athuga með hann.

Nefndin óskaði eftir upplýsingum frá Lögreglustjóranum í Vestmannaeyjum þann 24. febrúar 2023.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum svaraði erindi nefndarinnar með tölvupósti þann 3. mars sl. Meðfylgjandi var greinargerð rannsóknarlögreglumanns vegna atviksins. Einnig kemur fram að engum frekari gögnum sé til að dreifa vegna málsins.

Í meðfylgjandi greinargerð kemur fram að ástæða þess að lögreglumennirnir vildu ná tali af [REDACTED] var sú að fyrir lágu upplýsingar um að hann hefði verið að dreifa fíkniefnum og/eða lyfjum í Vestmannaeyjum. Þá kemur einnig fram að ekki hafi þótt ástæða til að skrá þetta sérstaklega í LÖKE þar sem ekki hafi náðst tal af honum.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaoýggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kærnu vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [REDACTED] er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að framkomu og starfsháttum starfsmanna Lögreglustjórans í Vestmannaeyjum.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindi [REDACTED] og þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum í Vestmannaeyjum. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum er lýst í kvörtun Sveins og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefnd um eftirlit með lögreglu að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindis [REDACTED]

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Niðurstaða

Ekki er tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 24. apríl 2023



Margrét Einarisdóttir

Varaformaður



Kristín Edwald



Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 23020003

Ákvörðun nr. 29/2023

Þann 24. maí 2023 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 29/2023.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED] dags. 31. janúar 2023. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við starfsaðferðir og verklag nafngreinds starfsmanns embættisins vegna atviks sem átti sér stað á [REDACTED] þann [REDACTED]. Fram kemur í erindinu að maður hafi gengið berserksgang fyrir utan heimili sitt og lögregla hafi verið kölluð til. Í erindinu segir að vinnubrögð umrædds lögreglumanns hafi ekki verið í samræmi við aðstæður og manningu m.a. verið sleppt í tvígang. Vísar kvartandi í erindi sínu til þess að augljós tenging hafi verið til staðar á milli lögmansins og kvartanda sem hafi leitt til þess að maðurinn fékk aðra meðferð en tilefni gaf til.

Nefndin óskaði eftir upplýsingum frá Lögreglustjóranum á Austurlandi þann 28. febrúar 2023.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega

starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á Austurlandi svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 10. mars 2023. Meðfylgjandi voru öll rannsóknargögn málsins og upptökur úr búkmyndavélum lögreglumanna á vettvangi af aðgerðum lögreglu vegna síðari beiðni um aðstoð vegna X.

Fram kemur m.a. í skýrslu lögreglu að eftir fyrri beiðni um aðstoð vegna X til lögreglu um kl. 01:08, hafi X verið haldið hjá lögreglu í rúma klukkustund. Var hann látinn laus eftir þann tíma þar sem hann hafi verið orðinn rólegur og varð lögregla við beiðni hans um að fara heim til sín að sofa þar sem enginn annar var á heimilinu á þeim tíma.

Síðari beiðni um aðstoð vegna X barst lögreglu um kl. 03:55 sömu nótt og gefa skýrslur og upptökur góð skil á þeim afskiptum sem lögregla hafði af X í umrætt sinn.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.


Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [REDACTED] er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að starfsaðferðum og starfsháttum starfsmanna Lögreglustjórans á Austurlandi.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á Austurlandi. Eftir yfirferð nefndarinnar á meðfylgjandi upptökum og með hliðsjón af því hvernig málsatvikum er lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefndin rétt að beina því til lögreglustjóra að yfirfara það verklag og starfshætti sem viðhafðir voru vegna afskipta lögreglu af X í útkallinu þann [REDACTED]. Þá sérstaklega hvort tengsl lögreglumanns á vettvangi við X hafi haft áhrif á starfsaðferðir lögreglu í umrætt sinn. Nefnd um eftirlit með lögreglu sendir erindi kvartanda vegna afskipta af X til þóknanlegrar meðferðar hjá Lögreglustjóranum á Austurlandi, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996.

Niðurstaða

Erindi [REDACTED] er sent Lögreglustjóranum á Austurlandi til þóknarlegrar meðferðar.

Reykjavík, 24. maí 2023




Margrét Einarsdóttir
varaformaður



Kristín Edwald



Þorbjörg I. Jónsdóttir



NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 23020004

Ákvörðun nr. 30/2023

Þann 13. júní 2023 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 30/2023.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED] dags. 27. janúar 2023. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við framkomu og starfsaðferðir starfsmanna embættisins þegar kvartandi var stöðvaður fyrir umferðalagabrot þann [REDACTED]. Fram kemur að eftir að akstur kvartanda var stöðvaður og honum ekki heimilt að halda för sinni áfram, óskaði hann eftir því við lögreglu að hún kæmi honum á áfangastað þar sem hann var illa útbúinn, aðeins klæddur skyrtu að ofan og inniskóm og einnig farsímalaus. Þeirri beiðni var hafnað af lögreglu á vettvangi þrátt fyrir að kvartandi gæti ekki óska eftir aðstoð með öðrum leiðum. Þess ber að geta að kvartandi var stöðvaður kl. 00.29 á Sæbraut í lok janúarmánaðar.

Nefndin óskaði eftir upplýsingum frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu þann 28. febrúar 2023.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærnum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega

starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 6. mars 2023. Meðfylgjandi voru öll gögn málsins, myndbandsupptökur úr eye-witnesskerfi lögreglubifreiðarinnar og upptaka úr búkmyndavél lögreglumanns á vettvangi.

Eftirfarandi kemur m.a. í dagbókarfærslu lögreglu vegna málsins:

Ók Sæbraut á ofurhraða, um 117 km/klst. sagðist ekki vera með ökuskríteini meðferðis en við uppfléttingu kom í ljós að hann væri með útrunnin réttindi. Kvaðst ekki hafa hugmynd um að hann væri réttindalaus. Þá kom í ljós að hann hafi áður verið kærður fyrir sama brot og viðurkenndi hann þá að hann vissi að hann væri að aka réttindalaus. Réttarstaða sakbornings kynnt sem hann kvaðst skilja. Vettvangsskýrsla rituð og krumpaði afritinu í kúlu og henti henni í jörðina. Honum var gert að taka hana upp sem hann gerði.“

Þann 28. apríl sl., óskaði nefndin eftir frekari upplýsingum um starfshætti embættisins í sambærilegum málum og einnig verklagsreglum embættisins, ef til væru, t.d. vegna tilvika þegar akstur ökumanna er stöðvaður og þeim meinað að halda för sinni áfram.

Embættið svaraði nefndinni með bréfi dags. 5. júní sl., þar sem eftirfarandi kemur m.a. fram:

„Í málum þar sem ökumönnum er meinað að aka bifreið sinni vegna þess að þeir hafa ekki ökuréttindi er það mjög háð aðstæðum hvort lögregla getur eða þarf að aka ökumönnum af vettvangi. Fer það eftir fjölda starfsmanna á svæðinu, verkefnastöðu, veðri, færð, vegalengdum á því svæði sem um ræðir, aðstöðu ökumanns til að útvega sér aðstoð og stöðu almenningsgangna. Þar sem stutt er í almenningsgangur gerist oftast ekki þörf á að aka fólki. Í einhverjum tilvikum hringir viðkomandi sjálfur eftir aðstoð vina, ættingja eða pantar sér aðstoð leigubifreiða. Stundum hringir lögregla á leigubifreið eða aðra sem koma og sækja viðkomandi. Sé langt til byggða eða færð og veður slæmt er reynt að koma til móts við alla sem eru stöðvaðir í akstri. Einstaklingar eru ekki skildir eftir á víðavangi nema að lögregla viti að þeir geti komið sér í skjól.

Ekki er í gildi sérstakt skráð verklag sem skýrir hvað gera skuli við einstaklinga sem stöðvaðir eru í akstri aksturs án gildra ökuréttinda. Meðfylgjandi eru verklag vegna ölvunar, lyfja og fíkniefnaaksturs fjallar þó um hvað skuli gera við bifreið ökumanna sé för þeirra stöðvuð“

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá liða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [REDACTED] er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að framkomu og starfsháttum starfsmanna Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindi [REDACTED] og þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Fyrir liggur að [REDACTED] var símalaus og illa búinn að næturlagi í janúar þegar lögregla skildi við hann. Eftir yfirferð nefndarinnar á meðfylgjandi upptökum og með hliðsjón af því hvernig málsatvikum er lýst í kvörtun [REDACTED] og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefnd um eftirlit með lögreglu að því verklagi sem lýst er í svari embættisins frá 5. júní sl., hafi ekki verið fylgt. Því séu uppi vísbendingar um mögulega ámælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Erindi [REDACTED] er sent Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu til þóknarlegrar meðferðar.

Niðurstaða

Erindi [REDACTED] er sent Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu til þóknarlegrar meðferðar.

Reykjavík, 13. júní 2023

Margrét Einarsdóttir
varaformaður

Margrét Einarsdóttir

Kristín Edwald
Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir
Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 23030003

Ákvörðun nr. 31/2023

Þann 22. ágúst 2023 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 31/2023.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED] dags. 17. mars 2023. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við framferði starfsmanns Lögreglustjórans á Suðurnesjum þann 17. mars sl., þegar þeir mættu á skrifstofu embættisins og óskuðu eftir gögnum vegna meints umferðalagabrots [REDACTED]. Óskuðu þeir eftir fá afhent öll gögn sem tengdust meintu broti og fá að sjá önnur gögn sem embættið kunni ekki hafa heimildir til að veita afrit af. Hafi því verið hafnað og þeim bent á að eina leiðin til þess væri að leita lögmannsaðstoðar. Þá segir í erindinu að öll svör og viðmót starfsmanns embættisins hafi verið lituð af hroka og yfirgangi en þeim hafi einnig verið neitað um afstöðu embættisins til beiðninnar skriflega þegar eftir því var óskað.

Nefndin óskaði eftir afstöðu embættisins til kvörtunarinnar og frekari upplýsingum frá Lögreglustjóranum á Suðurnesjum þann 18. apríl 2023.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærnum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 22. maí 2023. Meðfylgjandi voru öll gögn málsins.

Í bréfi embættisins kemur m.a. eftirfarandi fram: „Umrædd samskipti sem vitnað er til í bréfi NEL áttu sér stað á lögreglustöðinni á Brekkustíg 39, Reykjanesbæ þann 17. mars sl. Þá kom [REDACTED] syni sínum og krafðist þess að fá gögn málsins afhent, þrátt fyrir að [REDACTED] hafi verið hafnað um það skriflega þann 16. mars sl. deginum áður. Í samræmi við dómafordæmi Hæstaréttar eru myndbandsupptökur ekki afhentar sakborningum og höfnun á afhendingu gagna í málum sem er lokið er hægt að kæra til ríkissaksóknara.

Þjónustuver embættisins hafði samband við lögfræðisvið til að ræða við [REDACTED] og kom starfsmaður lögfræðisviðs niður í þjónustuver embættisins og ræddi við [REDACTED]. [REDACTED] var gerð grein fyrir því að líkt og honum hefði verið gerð grein fyrir skriflega deginum áður að þá væri hann ekki sakborningur þessa máls heldur lögráða sonur hans. Honum var gerð greint fyrir því að [REDACTED] sonur hans fengi ekki myndbandsupptökur afhentar en honum væri heimilt að horfa á þær. Hægt væri að horfa á myndbandsupptökuna á lögreglustöðinni á Hringbraut 130, Reykjanesbæ. Væri því best fyrir [REDACTED] að setja sig í samband við stjórnendur í almennu deild og fundinn yrði hentugur tími við fyrsta tækifæri.

Varðandi það að fá skrifleg gögn afhent að þá var útskýrt fyrir [REDACTED] að sakborningur málsins hefði afrit af skriflegum gögnum málsins. Ef sakborningur vildi fá annað afrit væri það sjálfsgagt en það sama gildi þá að hann gæti fengið það afhent á lögreglustöðinni á Hringbraut 130, Reykjanesbæ. [REDACTED] hefur því aldrei verið neitað um þau skriflegu gögn sem hann á rétt á en taka ber fram að hann hefur í raun aldrei beðið um þau sjálfur enda hefur hann þau undir höndum þ.e. afrit af vettvangsskýrslu máls nr. [...].

Varðandi þær athugasemdir sem koma fram í bréfi NEL vegna framkomu starfsmanns embættisins er því til að svara að öllum aðdróttunum um hroka og yfirgang er hafnað. Samkvæmt starfsmanni lögfræðisviðs var [REDACTED] faðir sakbornings ekki sáttur og reiddist við þau svör sem hann fékk að hann gæti ekki fengið öll gögn málsins, m.a. rafræn gögn afhent á staðnum. Þá var [REDACTED] bent á þann rétt sinn í samræmi við leiðbeiningaskyldu stjórnvalda að hann gæti á hvaða stigi sem er leitað sér aðstoðar lögmanns og kært þessa ákvörðun lögreglu.“

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmeta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kærnu vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að framkomu og starfsháttum starfsmanna Lögreglustjórans á Suðurnesjum.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á Suðurnesjum. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum er lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefnd um eftirlit með lögreglu að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Niðurstaða

Ekki er tilefni til að aðhafast frekar vegna erindis

Reykjavík, 22. ágúst 2023



Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald
Kristín Edwald



Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík

Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051

Netfang: nel@nel.is

Tilv.: 21070009

Ákvörðun nr. 32/2023

Þann 13. júní 2023 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 32/2023.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi Lögreglustjórans á Suðurlandi þann 13. júlí 2021. Í erindinu kemur fram að þann 30. apríl 2021 hafi lögreglu borist tilkynning og beiðni um aðstoð á vettvangi, vegna meintrar óheimillar uppsetningar girðingar á einkalandi. Í erindinu segir að málið eigi sér nokkurn aðdraganda, þ. á m. með kærum til lögreglu á víxl sem snúast í megindráttum um deilur milli tveggja eigenda aðliggjandi jarða í umdæmi embættisins. Tveir lögreglumenn hafi brugðist við tilkynningunni, farið á vettvang og hitt þar kvartendur. Síðar sama dag hafi kvartendur haft samband við lögreglu og kvartað undan háttsemi annars lögreglumannsins. Þau hafi bæði verið hvött til að beina kvörtun sinni til nefndar um eftirlit með lögreglu, en hvorugt hafi virst vilja gera það. Í erindinu segir einnig að umræddur lögreglumaður hafi verið kallaður á fund hjá embættinu þann 10. júní 2021 þar sem honum hafi verið kynnt fram komin kvörtun af hálfu borgara um framferði og starfsaðferðir hans í málinu og að embættinu bæri skylda að tilkynna slíkt til nefndar um eftirlit með lögreglu. Í bréfi embættisins segir að á framangreindum fundi hafi lögreglumaðurinn ekki óskað eftir því, að svo stöddu, að koma að athugasemdum vegna málsins.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða

ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Þann 28. júlí 2021 var erindið sent héraðssaksóknara til meðferðar með ákvörðun nefndarinnar nr. 67/2021. Nefndinni barst bréf frá embætti héraðssaksóknara dags. 31. janúar 2022 þar sem fram kom að við skoðun á gögnum hafi héraðssaksóknari talið sig vanhæfan til að fara með rannsókn málsins, vegna starfstengsla kærða við embættið. Héraðssaksóknari óskaði því eftir að ríkissaksóknari fæli öðru embætti rannsóknina. Ríkissaksóknari tók undir það mat og fól Lögreglustjóranum á Vesturlandi rannsókn þess með bréfi dags. 28. janúar sl.

Niðurstaða embættisins barst nefndinni þann 5. júní sl. Í niðurstöðunni kom fram að hluti málsins þótti ekki líklegur til sakfellis, sbr. 145. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála og að fallið var frá saksókn í öðrum hluta málsins, með vísan til a. og d. liða 146. gr. sömu laga.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindið, þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á Suðurlandi og niðurstöðu Lögreglustjórans á Vesturlandi. Af upptökum úr búkmyndavélum má sjá hvar lögreglumaðurinn kemur á vettvang og byrjar samskiptin á óþarfa ásökunum í garð þeirra hjóna sem áttu í hlut. Hjónin voru í upphafi róleg en urðu fljótt æst við framferði lögreglumannsins sem sá um afskiptin. Þá sést lögreglumaðurinn af ástæðulausu hrifsa í upphandlegg mannsins og draga hann áfram án þess að tilkynna honum að hann sé handtekinn og ætla að neyða hann inn í lögreglubifreiðina. Einnig sést á upptökunum hvar lögreglumaðurinn ýtir við konunni þannig að hún fellur aftur fyrir sig í götuna. Loks vísar nefndin til þess að misræmi er á því sem sést í upptökum úr búkmyndvélum og því sem lögreglumaðurinn skrifaði í lögregluskýrslu.

Lögregla hefur heimild í 16. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 til þess að handtaka mann og færa á lögreglustöð í þeim tilgangi að halda uppi lögum og reglu svo sem ef maður ærist á

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

almannafæri eða veldur þar hneyksli eða hættu á óspektum. Þá segir í 2. mgr. 16. gr. að lögregla skuli gera manni grein fyrir ástæðum þess að hann er handtekinn og færður á lögreglustöð. Nefndin fær ekki séð að manningnum hafi verið kynnt ástæða þess að lögreglumaðurinn ætlaði að handtaka hann líkt og ákvæði laga gera ráð fyrir.

Nefndin bendir á að samkvæmt ákvæðum 3. kafla laga nr. 90/1996 ber lögreglu að sýna árvekni í starfi sínu og kunna glögg skil á skyldum sínum og þeirri ábyrgð sem starfinu fylgir. Þá skal lögregla rækja störf sín af kostgæfni og samviskusemi og ávallt gæta fyllstu hlutlægni og réttssýni. Lögregla skal gæta þess að mönnum verði ekki gert tjón, óhagræði eða miski framur en óhjákvæmilegt er eftir því sem á stendur. Þá má lögregla ekki beita sakaðan mann harðræði fram yfir það sem lög heimila og nauðsynlegt er til þess að vinna bug á mótþróa hans gegn lögmætum aðgerðum né á annan hátt beita hann ólögmætri þvingun í orði eða verki, svo sem með hótunum. Handhöfum lögregluvalds er heimilt að beita valdi við framkvæmd skyldustarfa sinna. Aldrei mega þeir þó ganga lengra í valdbeitingu sinni en þörf er á hverju sinni, sbr. 14. gr. laga nr. 90/1996. Þá skal lögregla aðeins taka íþyngjandi ákvörðun þegar lögmætu markmiði verður ekki náð með öðru og vægara móti og skal þess þá gætt að ekki sé farið strangar í sakirnar en nauðsyn ber til, sbr. 12. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Ekki verður séð að aðgerðir lögreglumannsins á vettvangi samræmist þessum skyldum; hvorki gagnvart manningnum né konuninni, sem lögreglumaðurinn reif harkalega í og ýtti við með þeim afleiðingum að hún datt aftur fyrir sig á malarveg. Telur nefnd um eftirlit með lögreglu að lögreglumaðurinn hafi gengið lengra en nauðsyn krafði við störf sín í umrætt sinn.

Samkvæmt framangreindu og með hliðsjón af niðurstöðu héraðssaksóknara telur nefndin að uppi séu vísbendingar um að háttsemi lögreglumannsins samræmist ekki III. kafla laga nr. 90/1996 og geti talist ámælisverð og beinir þeim tilmælum til Lögreglustjórans á Suðurlandi að taka málið til þóknarlegrar meðferðar, sbr. 2. mgr. 35. gr. laga nr. 90/1996.

Niðurstaða

Nefnd um eftirlit með lögreglu beinir þeim tilmælum til Lögreglustjórans á Suðurlandi að taka málið til þóknarlegrar meðferðar.

Reykjavík, 13. júní 2023

Margrét Einarsdóttir
varaformaður


Kristín Edwald




Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík

Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051

Netfang: nel@nel.is

Tilv.: 23030001

Ákvörðun nr. 33/2023

Þann 13. júní 2023 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 33/2023.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED] dags. 16. febrúar 2023. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við meinta neitun embættisins á beiðni kvartanda um afhendingu gagna til hennar sem embættið tók afrit af við rannsókn á tilteknu máli. Einnig eru gerðar athugasemdir við að embættið hafi ekki svarað tölvupósti frá kvartanda vegna málsins.

Nefndin óskaði eftir afstöðu embættisins til kvörtunarinnar og frekari upplýsingum frá Lögreglustjóranum á Suðurnesjum þann 18. apríl 2023.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 16. maí 2023. Meðfylgjandi voru öll gögn málsins og afrit af tölvupóstssamskiptum við kvartanda.

Í bréfi embættisins kemur m.a. eftirfarandi fram: „Varðandi neitun á afhendingu gagna vill LSS taka fram að ákvörðun lögreglu um neitun á afhendingu gagna í sakamálum sem er lokið er stjórnvaldsákvörðun sem er kæránleg til ríkissaksóknara. Þá vill LSS leiðrétta að líkt og kemur fram í gögnum málsins fékk [REDACTED] öll gögn málsins send 21.10.2021. Hún aftur á móti sætti sig ekki við að geta ekki fengið gögnin send rafrænt, óvarin, beint á tölvupóst sinn.

Seinni athugasemd í fyrirspurn NEL lýtur að því að [REDACTED] heldur því fram að tölvupósti hennar hafi ekki verið svarað. Erindi [REDACTED] fylgdi ekki með bréfi NEL til LSS þannig að LSS hefur ekki upplýsingar um hvaða tölvupósta [REDACTED] er að vísa í en skv. gögnum málsins hefur öllum fyrirspurnum og tölvupóstum [REDACTED] verið svarað og vísast í meðfylgjandi gögn máls [...].“

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [REDACTED] er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur annars vegar að meintri neitun embættis Lögreglustjórans á Suðurnesjum á beiðni kvartanda um afhendingu á tilteknum gögnum og hins vegar að því að embættið hafi ekki svarað tölvupósti frá kvartanda.

Með vísan til 1. kafla falla atriði sem varða framkvæmd rannsóknar sakamála ekki undir valdsvið nefndarinnar. Ljóst er af gögnum sem nefndinni bárust frá embættinu að gögnin sem kvartandi óskaði eftir frá embættinu tilheyra rannsókn sakamáls. Er þeim þætti erindisins því vísað frá.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindi [REDACTED] og þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á Suðurnesjum. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum er lýst í kvörtun [REDACTED] og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefnd um

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

eftirlit með lögreglu að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Niðurstaða

Erindi [REDACTED] er vísað frá að hluta.

Ekki er tilefni til að aðhafast frekar vegna erindis [REDACTED]

Reykjavík, 13. júní 2023

Margrét Einarsdóttir
varaformaður


Kristín Edwald




Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík

Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051

Netfang: nel@nel.is

Tilv.: 21050006

Ákvörðun nr. 34/2023

Þann 13. júní 2023 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 34/2023.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi með bréfi frá Lögreglustjóranum á Austurlandi, Nefnd um eftirlit með lögreglu barst tilkynning frá [REDACTED] dags. 11. maí 2021. Í erindinu segir [REDACTED] að sonur sinn sem er ólögráða hafi orðið fyrir meintu harðræði við handtöku í Vestmannaeyjum þann 24. apríl sl. Þá hafi lögregla viðhaft slæma framkomu og gengið lengra en nauðsyn krafði við þær aðstæður sem uppi voru. Þá hafi lögregla ekki tilkynnt honum um ástæður handtökunnar í upphafi og fram kemur í erindinu að miklir áverkar hafi verið á [REDACTED] eftir handtökuna. Þá segir [REDACTED] að hvorki foreldrum né barnavernd hafi verið gert viðvart um handtöku [REDACTED]

Í fyrirliggjandi erindi var meðal annars lýst háttsemi af hálfu starfsmanns lögreglu sem mögulega kynni að falla undir refsíákvæði laga. Í skýringum með frumvarpi til laga um breytingu á lögreglulögum kemur fram að ef vafi leiki á hvort um sé að ræða mögulegt refsímál þá skuli erindi ávallt sent embætti héraðssaksóknara eða ríkissaksóknara til meðferðar sem þá leggur mat á hvort efni séu til að hefja rannsókn. Á grundvelli þessa taldi nefnd um eftirlit með lögreglu rétt að senda erindið til meðferðar héraðssaksóknara, svo embættið gæti tekið afstöðu til þess hvort málið og gögn um atvik þess gæfu tilefni til rannsókna, sbr. 3. mgr. 35. gr. a. og 1. mgr. 35. gr. b. í lögum nr. 90/1996.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærnum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsókna sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli.

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Þann 2. júní 2021 var erindið sent héraðssaksóknara til meðferðar með ákvörðun nefndarinnar nr. 35/2021. Nefndinni barst niðurstaða frá embættinu þann 20. desember 2021. Í niðurstöðunni kom fram að eftir yfirferð gagna var það mat héraðssaksóknara að hætta skyldi rannsókn málsins með vísan til 4. mgr. 52. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 þar sem ekki var séð að um refsiverða háttsemi af hálfu lögreglumanna hafi verið um að ræða.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindið, þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum í Vestmannaeyjum og niðurstöðu héraðssaksóknara. Nefndin telur að engar forsendur hafi verið fyrir því að víkja frá þeirri skyldu sem á lögreglu hvílir að gefa fulltrúa barnaverndarþjónustu kost á því að vera viðstaddur skýrslutökuna sbr. 18. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 og 61. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Þá var ekki heldur haft samband við foreldra hins handtekna svo sem skylt er, sbr. 2. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 651/2009 um réttarstöðu handtekinna manna, yfirheyrslur hjá lögreglu o.fl., þar sem segir: „Nú er handtekinn maður yngri en 18 ára og skal þá þegar hafa samband við foreldra hans og fulltrúa barnaverndarnefndar og hvetja þá til að koma án tafar á lögreglustöð“. Eru því uppi vísbendingar um að háttsemi lögreglumannsins samræmist ekki III. kafla laga nr. 90/1996 og geti talist ámælisverð og beinir þeim tilmælum til Lögreglustjórans í Vestmannaeyjum að taka málið til þóknanlegrar meðferðar, sbr. 2. mgr. 35. gr. laga nr. 90/1996.

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Niðurstaða

Erindi [REDACTED] er sent Lögreglustjóranum í Vestmannaeyjum til þóknarlegrar meðferðar.

Reykjavík, 13. júní 2023

Margrét Einarsdóttir
varaformaður

Kristín Edwald
Kristín Edwald

Margrét Einarsd.

Þorbjörg L. Jónsdóttir
Þorbjörg L. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík

Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051

Netfang: nel@nel.is

Tilv.: 22030003

Ákvörðun nr. 35/2023

Þann 13. júní 2023 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 35/2023.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED] dags. 15. mars 2022. Í erindinu voru gerðar athugasemdir við starfshætti og framkomu starfsmanna LRH vegna atviks sem átti sér stað 11. mars sl. Í erindinu kom fram að kvörtunin snúi að „[...] því að hér hefur varðstjóri lögreglu sagt þriðja aðila frá því sem fer á milli mín og lögreglu í sakamáli og rýrt mitt mannorð með beinum aðdróttunum og beinlínis sagt að þeir muni koma í veg fyrir að ég geti verið eðlilegur starfsmaður innan fyrirtækisins.“

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindi [REDACTED] og þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtun [REDACTED] og þeim gögnum sem nefndin hafði undir höndum, taldi nefnd um eftirlit með lögreglu að uppi væru vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu vegna meintrar upplýsingagjafar til þriðja aðila, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Með hliðsjón af framangreindu taldi nefndin tilefni til að senda erindið til þóknanlegrar meðferðar hjá héraðssaksóknara.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Þann 7. október 2022 var erindið sent héraðssaksóknara til meðferðar með ákvörðun nefndarinnar nr. 65/2022. Niðurstaða embættisins barst nefndinni þann 11. janúar 2023. Í niðurstöðunni kom fram að eftir yfirferð embættisins á gögnum málsins var það mat héraðssaksóknara að hætta skyldi rannsókn málsins með vísan til 4. mgr. 52. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindið og þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu og niðurstöðu héraðssaksóknara. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtun [REDACTED] og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefnd um eftirlit með lögreglu að upplýsingagjöf starfsmanna embættisins til þriðja aðila samræmist ekki 22. gr. laga nr. 90/1996 og geti talist ámælisverð. Nefndin beinir þeim tilmælum til Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu að taka málið til þóknanlegrar meðferðar, sbr. 2. mgr. 35. gr. laga nr. 90/1996.

Niðurstaða

Erindi [REDACTED] er sent Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu til þóknanlegrar meðferðar

Reykjavík, 13. júní 2023

Margrét Einarsdóttir
varaformaður

Kristín Edwald
Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 22120002

Ákvörðun nr. 37/2023

Þann 13. júní 2023 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 37/2023.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi [REDACTED] [REDACTED] þann 1. desember 2022. Í erindinu kemur fram að kvörtunun beinist að ákvörðun embættis Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra um að aðhafast ekki vegna brota á eignarrétti kvartanda. Þá er því meðal annars haldið fram að með aðgerðarleysi sínu sé lögreglustjóri að brjóta gegn 2. mgr 1. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 með því að verja ekki eignarrétt kvörtunaraðila og taka sér dómsvald um að einhverjir aðrir hafi notkunarrétt sem er andstætt 60. gr. stjórnarskrá lýðveldisins þar sem fram kemur að dómendur skeri úr um embættistakmörk yfirvalda.

Meðfylgjandi erindinu voru tölvupóstssamskipti við embættið og afsal eignarinnar sem um ræðir.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.


Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Nefndinni óskaði eftir afstöðu embættisins til kvörtunarinnar þann 18. apríl sl. Embættið svaraði beiðni nefndarinnar þann 19. apríl sl., með vísan til úrskurðar dómsmálaráðuneytisins frá 13. febrúar sl., þar sem m.a. eftirfarandi kemur fram:



Dómsmálaráðuneyti fari hinsvegar ekki með eftirlit með sveitarfélögum né um afréttarmálefni – hinsvegar heyri málið undir ráðuneytið sem löggæslumál.

Þá segir í úrskurðinum: „Þá lítur ráðuneytið svo á að þegar lögreglustjóra er falið að meta hvort sveitarstjórn hafi sinnt skyldum sínum samkvæmt 1. mgr. 33. gr. laganna, ber honum að kanna hvort sveitarstjórn hafi tekið til skoðunar hvort skilyrði séu til þess að smölun fari fram samkvæmt 33. gr. og tekið ákvörðun um hvort smala skuli eða ekki. Telji sveitarstjórn að það séu ekki til staðar skilyrði til að láta smölun fara fram sæti sú ákvörðun ekki endurskoðun lögreglustjóra. Af framangreindu leiðir telur ráðuneytið að fallast beri á það mat lögreglustjóra að ekkert liggi fyrir um að sveitarstjórn hafi vanrækt skyldur sínar, sbr. áskilnaður 2. mgr. 33. gr. laga nr. 6/1986.

Þar sem vanræksla sveitarstjórnar er forsenda þess að lögreglustjóri geti látið málið til sín taka og ekkert liggur fyrir um að sveitarstjórn hafi vanrækt skyldur sínar samkvæmt 33. gr. laga nr. 6-1986, telur ráðuneytið að staðfesta beri hina kærðu ákvörðun.““

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu og meðfylgjandi gögnum er ljóst að kvörtunin lýtur að meintu athafnaleysi embættis lögreglustjórans á Norðurlandi eystra vegna meintra brota á eignarrétti kvartanda.

Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum er lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefnd um eftirlit með lögreglu að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Niðurstaða

Ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindis [REDACTED]

Reykjavík, 13. júní 2023

Margrét Einarsdóttir
varaformaður


Kristín Edwald




Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 22120003

Ákvörðun nr. 38/2023

Þann 13. júní 2023 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 38/2023.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá lögmanni [REDACTED] [REDACTED] dags. 14. desember 2022. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við meint harðræði við handtöku og að lögættra aðferða hafi ekki verið gætt þegar [REDACTED] voru handteknir við [REDACTED] færðir í fangaklefa þann 3. maí 2022. Því er haldið fram að um rangfærslur í skýrslugerð sé að ræða er varðar þörf á lögmannsaðstoð, en samkvæmt erindinu óskuðu aðilar eftir lögmannsaðstoð. Einnig eru gerðar athugasemdir við að [REDACTED] hafi ekki fengið að hafa samband við foreldra sína á meðan á afskiptunum stóð.

Nefndin óskaði eftir upplýsingum frá Lögreglustjóranum á Vestfjörðum þann 27. janúar 2023.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærnum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á Vestfjörðum svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 29. mars sl. Meðfylgjandi voru gögn málsins og upptaka úr búkmyndavél lögreglumanns á vettvangi ásamt upptöku úr skýrslutöku af [REDACTED]

Af upptöku úr búkmyndavél lögreglumanns á vettvangi má heyra þegar [REDACTED] er tilkynnt að handtakan sé sökum gruns um mansal. Þá ber upptakan úr skýrslutökunni af [REDACTED] með sér að hann hafnar því að þiggja aðstoð lögmanns þar sem hann taldi ekki þörf á því.

Hvað varðar athugasemdir í erindinu er lúta að réttindum [REDACTED] sem er [REDACTED] þá kemur fram í skýrslu lögreglu að haft hafi verið samband við velferðarsvið Ísafjarðarbæjar og kom fulltrúi frá barnavernd sem var með [REDACTED] þann tíma sem hann beið á lögreglustöðinni á Ísafirði.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaoýggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að meintu harðræði við handtöku, starfsaðferðum og starfsháttum starfsmanna Lögreglustjórans á Vestfjörðum.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á Vestfjörðum. Nefndin telur óheppilegt að ekki séu til neinar upptökur af afskiptum af [REDACTED] vegna atviksins en ekki var tekin skýrsla af honum við meðferð málsins. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum er lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefnd um eftirlit með lögreglu að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Niðurstaða

Ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 13. júní 2023

Margrét Einarsdóttir
Varaformaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík

Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051

Netfang: nel@nel.is

Tilv.: 22120010

Ákvörðun nr. 39/2023

Þann 13. júní 2023 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 39/2023.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi [REDACTED] dags. 20. desember 2022. Í erindinu kemur fram að [REDACTED] telji embætti Lögreglustjórans á Norðurlandi vestra hafa viðhaft ámælisverðar starfsaðferðir og framkomu í starfi við rannsókn á meintu sóttvamarbroti hans. Einnig er tekið fram að hann sé verulega ósáttur við starfshætti lögreglu við rannsókn málsins og eftirfylgni. Í erindinu óskar kvartandi eftir því að nefndin fari yfir málið í heild sinni og skoði hvort rannsókn málsins, framkoma og starfshættir lögreglu og lögreglustjóra hafi verið með eðlilegum hætti.

Meðfylgjandi erindinu voru gögn málsins frá lögreglu ásamt tveimur bréfum sem kvartandi og lögmaður f.h. kvartanda sendu embættinu og svarbréfum embættisins.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

2.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

3.

Af erindi [REDACTED] og meðfylgjandi gögnum telur nefndin að kvörtunin lúti í meginatriðum að athugasemdum við rannsóknaraðferðir starfsmanna Lögreglustjórans á Norðurlandi vestra, við rannsókn embættisins á meintu sóttvarnarbroti kvartanda. Ekki fellur undir valdsvið nefndarinnar að endurskoða framkvæmd rannsóknar samkvæmt lögum um meðferð sakamála. Samkvæmt framangreindu er þeim þætti erindisins vísað frá.

Hvað varðar þær athugasemdir sem kvartandi gerir við framkomu starfsmanna embættisins við meðferð málsins, fær nefndin ekki séð af gögnum málsins að séu uppi vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Niðurstaða

Erindi [REDACTED] er að hluta til vísað frá nefndinni.

Ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindis [REDACTED]

Reykjavík, 13. júní 2023

Margrét Einarsdóttir

varaformaður



Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík

Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051

Netfang: nel@nel.is

Tilv.: 23010005

Ákvörðun nr. 40/2023

Þann 13. júní 2023 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 40/2023.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst framsent erindi [REDACTED] dags. 2. janúar 2023 frá embætti ríkislögreglustjóra. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við framkomu og starfsaðferðir lögreglu vegna afskipta af kvartanda. Fram kemur að kvartandi hafi verið handtekinn og ekki verið kynntur réttur sinn eða ástæða handtöku. Einnig að kvartandi hafi óskað eftir því að lögreglumenn kveiktu á búkmyndavélum sínum en því hafi verið hafnað.

Nefndin óskaði eftir upplýsingum frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu þann 24. febrúar 2023.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 6. mars 2023. Meðfylgjandi voru gögn málsins, hljóðupptaka úr skýrslutöku af [REDACTED] og myndbandsupptökur af fangagangi.

Í skýrslu lögreglu vegna málsins kemur fram að ástæða afskiptanna hafi verið að óskað var eftir aðstoð lögreglu vegna kvartanda í miðbæ Reykjavíkur. Eftirfarandi kemur m.a. fram í meðfylgjandi skýrslu:

„Tilkynnt var til lögreglu um aðila sem óskaðist fjarlægður frá [REDACTED] þar en þar var aðilinn til vandræða við dyraverði. Ég ásamt lögreglumönnum [REDACTED] fórum á vettvang á lögreglubifreiðinni. Við komuna á vettvang var aðilanum vísað í burtu. Aðilinn vildi ekki fara heldur hafði meiri áhuga á að stjórna aðgerðum lögreglu. Aðilinn var tekinn lögreglutökum og var honum gefin sá kostur að ganga í burtu frá [REDACTED] eða að vera handtekinn og fluttur á lögreglustöð. Aðilinn vildi heldur ekki segja tilnafns. Aðilinn var á endanum handtekinn og fluttur á lögreglustöðina á Hverfisgötu þar sem varðstjóri í fangamóttöku reyndi að ræða við hann. Aðilinn neitaði ítrekað að segja til nafns og hafði hann meiri áhuga að stjórna aðgerðum lögreglu. Það fór því svo að þrátt fyrir útskýringar lögregluvarðstjóra [REDACTED] að ef aðilinn segði til nafns myndi honum vera sleppt úr haldi. Aðilinn harðneitaði að segja til nafns og var hann því vistaður í fangaklefa.“

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kærur vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [REDACTED] er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að framkomu og starfsháttum starfsmanna Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindi [REDACTED] og þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Nefndin telur óheppilegt að ekki séu til upptökur úr búkmyndavélum á vettvangi. Eftir yfirferð nefndarinnar á meðfylgjandi upptökum sem sýna glögg fram á hvernig atvikum var háttað þegar rætt var við kvartanda í fangamóttökunni og með hliðsjón af því hvernig málsatvikum er lýst í kvörtun [REDACTED] og

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefnd um eftirlit með lögreglu að lögum og verklagsreglum hafi verið fylgt við meðferð málsins og ekki séu uppi vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindis [REDACTED]

Niðurstaða

Ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 13. júní 2023

Margrét Einarsdóttir
varaformaður

Kristín Edwald
Kristín Edwald

Margrét Einarsdóttir

Þorbjörg I. Jónsdóttir
Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík

Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051

Netfang: nel@nel.is

Tilv.: 23020006

Ákvörðun nr. 41/2023

Þann 13. júní 2023 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 41/2023.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst framsent erindi [REDACTED] frá embætti ríkissaksóknara dags. 18. janúar 2023 með vísan til b-liðar 1. mgr. 35. gr. lögreglulaga nr. 90/1996. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við framkomu starfsmanna embættis Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu þann 13. janúar sl. Málsatvikum er lýst með þeim hætti að vinur kvartanda varð fyrir meintri líkamsárás af hálfu dyravarðar í miðbæ Reykjavíkur og í kjölfarið var haft samband við lögreglu sem mætti fljótt á vettvang. Kvartandi gerir athugasemdir við framkomu lögreglu á vettvangi og segir þá hafa talað við sig í leiðinlegum tón og beðið hana að skipta sér ekki af.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

2.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

3.

Af erindi [REDACTED] er ljóst að kvörtunin er tvíþætt, annars vegar eru gerðar athugasemdir við rannsóknaraðferðir starfsmanna Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu við rannsókn embættisins á meintri líkamsáras og hins vegar við framkomu starfsmanna á vettvangi.

Ekki fellur undir valdsvið nefndarinnar að hafa eftirlit með beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsókna sakamála. Slíkt eftirlitshlutverk er í höndum ríkissaksóknara. Er þeim hluta erindisins því vísað frá nefndinni.

Hvað varðar athugasemdir við framkomu starfsmanna embættisins á vettvangi telur nefndin að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Niðurstaða

Erindi [REDACTED] er að hluta til vísað frá nefndinni.

Ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindis [REDACTED]

Reykjavík, 13. júní 2023

Margrét Einarsdóttir
varaformaður


Kristín Edwald




Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík

Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051

Netfang: nel@nel.is

Tilv.: 22120009

Ákvörðun nr. 42/2023

Þann 22. ágúst 2023 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 42/2023.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED] dags. 20. desember 2022. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við starfsaðferðir, framkomu og meint harðræði starfsmanna Lögreglustjórans í Vestmannaeyjum þegar afskipti voru höfð af kvartanda í tvígang. Annars vegar þegar kvartandi var á leið til Vestmannaeyja með [REDACTED] þann 28. ágúst 2022 og hins vegar þegar hann var handtekinn og vistaður í fangaklefa þann 29. ágúst 2022.

Fram kemur að þær athugasemdir sem kvartandi gerir við fyrri afskiptin sem höfð voru af honum í Herjólfvík þann 28. ágúst 2022, séu að lögregluhundur hafi nálgast hann og í kjölfarið hafi hann verið rifinn upp af óeinkennisklæddum einstaklingi og aðrir óeinkennisklæddir hafi byrjað snúa upp á úlnliði hans. Hafi honum síðan verið sleppt án frekari orðaskipta þar sem hundurinn hafi verið að þefa af öðrum einstaklingi.

Athugasemdir vegna seinni afskiptanna í versluninni [REDACTED] þann 29. ágúst 2022, eru m.a. vegna meints harðræðis við handtöku sem gerð hafi verið af óeinkennisklæddum lögreglumönnum sem að ekki hafi tilkynnt honum að þeir væru lögreglumenn. Einnig eru gerðar athugasemdir við þá meðferð sem kvartandi hafi fengið í fangaklefa en hann kveðst hafa verið beittur harðræði í klefanum, ekki fengið að hafa samband við lögmann, ekki fengið vatn að drekka né læknaaðstoð vegna blæðandi sárs sem hann hafi verið með eftir meðferð lögreglu.

Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá Lögreglustjóranum í Vestmannaeyjum þann 22. febrúar 2023.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærnum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum svaraði beiðni nefndarinnar þann 11. ágúst sl., meðfylgjandi voru gögn og skýrslur lögreglu vegna málsins, m.a. upptökur úr eftirlitsmyndavélum frá versluninni [REDACTED] og myndbandsupptökur frá lögreglustöðinni í Vestmannaeyjum þegar [REDACTED] var vistaður í fangaklefa.

Engar upplýsingar og upptökur eru til hjá embættinu af þeim afskiptum sem höfð voru af [REDACTED] þann 28. ágúst 2022.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá liða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefndin telur með hliðsjón af því hvernig málsatvikum er lýst í kvörtun [REDACTED] vegna þeirra afskipta sem höfð voru af honum þann 28. ágúst 2022 að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [REDACTED] vegna afskipta sem höfð voru af honum þann 29.

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

ágúst 2022 er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að meintu harðræði við handtöku og í fangaklefa, afskiptum að ósekju og þeim starfsháttum sem viðhafðir voru af starfsmönnum Lögreglustjórans í Vestmannaeyjum.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindi [REDACTED] og þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum í Vestmannaeyjum. Nefndin telur óheppilegt að ekki séu til hljóðupptökur lögreglu frá vettvangi en meðfylgjandi upptökur úr eftirlitskerfi verslunarinnar [REDACTED] eru ekki með hljóði. Af upptökum fæst ekki séð að lögreglumennirnir hafi auðkennt sig með lögregluskilríkjum við afskiptin.

Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum er lýst í kvörtun [REDACTED] og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefnd um eftirlit með lögreglu að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindis [REDACTED]

Niðurstaða

Ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 22. ágúst 2023



Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald
Kristín Edwald



Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 17090002

Ákvörðun nr. 45/2023

Þann 27. september 2023 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 45/2023.

Málsatvik

Í kjölfar myndbirtingar lögreglu í fjölmiðlum af ólögráða einstaklingi í fyrri hluta ágústmánaðar 2017 taldi nefndin tilefni til að taka atvikið og verklag lögreglu til skoðunar að eigin frumkvæði skv. d.-lið 1. mgr. 35. gr. a. lögreglulaga nr. 90/1996.

Þann 1. september 2017 óskaði nefndin eftir afstöðu embættis Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu til myndbirtingar í umrætt sinn, þar með talið hvort myndbirtingin hafi í ljósi málsatvika samræmst fyrirliggjandi verklagsreglum, væru þær til staðar. Væru þær til staðar var þess jafnframt óskað að nefndinni yrðu láttnar í té þær reglur eða eftir atvikum, lýsing þess verklags sem stuðst væri við. Þá var einnig óskað eftir því að ef umrætt atvik og sú umfjöllun sem það fékk hefði leitt til breytinga á verklagi í sambærilegum málum að nefndinni yrði gerð grein fyrir þeim.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 27. mars 2018. Með framangreindu bréfi fylgdi svar embættis Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu til Persónuverndar vegna málsins, dags. 7. nóvember 2017 og svar Persónuverndar, dags. 18. janúar 2018. Í framangreindu bréfi Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu kom meðal annars fram að tekið hefði verið til skoðunar hvort ástæða sé til að endurskoða verklag eða bæta fræðslu varðandi myndbirtingar.

Nefndin fjallaði í kjölfarið um málið á 7. fundi sínum þann 18. apríl 2018 þar sem ákveðið var að senda bréf til Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu þar sem óskað var eftir upplýsingum um framgang málsins. Með bréfi dags. 22. maí 2018, óskaði nefndin eftir upplýsingum um framgang málsins, það er hvort niðurstaða framangreindrar skoðunar lægi fyrir og ef svo væri, niðurstöðu þess.

Þann 11. júlí 2019 svaraði embættið fyrirspurn nefndarinnar. Fram kom í svari embættisins að vinna við gerð verklagsreglna um myndbirtingar væri vel á veg komin en að tafir hafi orðið á þeirri vinnu vegna gildistöku nýrra laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 og bið eftir nýjum lögum um vinnslu persónuupplýsinga í löggæslutilgangi nr. 75/2019.

Nefndin óskaði eftir upplýsingum þann 6. september sl., um hvort vinnu við umræddar verklagsreglur væri lokið. Embættið svaraði nefndinni með tölvupósti sama dag um að vinnan hafi legið niðri í Covid-faraldrinum en til stæði að endurvekja hana.

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Nefndin telur aðfinnsluvert að ekki hafi verið settar reglur um myndbirtingu lögreglu í fjölmiðlum og hvetur embættið til að hraða setningu reglnanna.

Niðurstaða

Nefndin beinir þeim tilmælum til embættisins að hraða setningu verklagsreglna um myndbirtingu lögreglu í fjölmiðlum.

Reykjavík, 27. september 2023

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 20060003

Ákvörðun nr. 46/2023

Þann 27. september 2023 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 46/2023.

Málsatvik

Í byrjun júní 2020 ákvað nefndin að taka til athugunar að eigin frumkvæði sbr. c. lið 35. gr. a. lögreglulaga nr. 90/1996, mál er varðaði aðgerðir sérsveitar ríkislögreglustjóra í [REDACTED] þann 31. maí 2020. Ákvörðunin var tekin í kjölfar fréttáflutnings af atvikinu sem fjallaði m.a. um handtöku [REDACTED] í aðgerðunum.

Með bréfi dags. 5. júní 2020 kallaði nefndin eftir upplýsingum frá embætti ríkislögreglustjóra er vörðuðu umrætt atvik ásamt myndbandsupptökum, væru þær fyrirleggjandi.

Í svari embættis ríkislögreglustjóra dags. 11. júní 2020 var meðfylgjandi greinargerð aðstoðaryfirlögregluþjóns og yfirmanns sérsveitar. Vísaði embættið beiðni um frekari gögn til embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, sem hafði málið á sínu forræði.

Með bréfi dags. 15. júní 2020 óskaði nefndin því eftir frekari gögnum frá embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu vegna atviksins. Umbeðin gögn bárust nefndinni ásamt bréfi dags. 29. september 2020. Meðal gagna voru skýrslur vegna málsins og upptaka úr búkmyndavél af vettvangi.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir atvikið og þau gögn sem henni bárust frá embætti ríkislögreglustjóra og lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Eftir yfirferð nefndarinnar á meðfylgjandi upptökum og með hliðsjón af þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefnd um eftirlit með lögreglu að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindis.

Niðurstaða

Nefndin telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna málsins.

Reykjavík, 27. september 2023

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 22030002

Ákvörðun nr. 47/2023

Þann 3. október 2023 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 47/2023.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá lögmanni f.h. [REDACTED] dags. 7. mars 2022. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við meintar ámælisverða starfsaðferðir og framkomu [REDACTED] rannsóknarlögreglumanns. Fram kemur m.a. í erindinu að skýrslutaka af [REDACTED] sem brotaþola hafi verið að mörgu leyti sérstök og hafi í raun verið líkari skýrslutöku af sakborningi en brotaþola í alvarlegu kynferðisbrotamáli.

Nefndin óskaði eftir upplýsingum frá embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu þann 21. mars 2023.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði bréfi nefndarinnar með bréfi dags. 25. mars 2022. Meðfylgjandi var endurrit úr skýrslutökunni ásamt myndbandsupptökunni.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaoýggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir gögn málsins og þar á meðal yfir umrædda skýrslutöku. Þó fallast megi á með kvartanda að umræða rannsóknarlögreglumannsins um persónuleg málefni sín hafi ekki verið viðeigandi þá getur nefndin ekki gert athugasemdir við háttsemi rannsóknarlögreglumannsins í umræddri skýrslutöku enda virðast spurningar vera nauðsynlegar og í rökréttu samhengi við málavexti málsins til þess að upplýsa málið.

Eftir yfirferð nefndarinnar á meðfylgjandi gögnum og með hliðsjón af því hvernig málsatvikum er lýst í fyrirbyggjandi gögnum, telur nefnd um eftirlit með lögreglu ekki séu uppi vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. a. lögreglulaga nr. 90/1996. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindis [REDACTED]

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Niðurstaða


Nefnd um eftirlit með lögreglu telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindis [REDACTED]
[REDACTED]

Reykjavík, 3. október 2023


Skúli Þór Gunnsteinsson

formaður


Grimur Sigurðarson


Flosi H. Sigurðsson

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 23040003

Ákvörðun nr. 48/2023

Þann 3. október 2023 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 48/2023.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED] dags. 22. febrúar 2023. Í erindinu er komið á framfæri við nefndina ábendingum um meinta spillingu og misneytingu á valdi innan lögreglunnar. Jafnframt er óskað eftir að nefndin rannsaki málið og upplýsi kvartanda í kjölfarið um það hvort grunur hans sé á rökum reistur.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

3.

Erindi [REDACTED] lítur að því að nefndin hefji opinbera rannsókn á meintri spillingu innan lögreglunnar svo sem nánar er útlistað í erindi [REDACTED]. Líta verður svo á að erindi [REDACTED] lúti að atriðum sem ekki falla undir valdsvið nefndarinnar sbr. 1. mgr. 35. gr. a. lögreglulaga nr. 90/1996 enda fer nefndin ekki með rannsókn sakamála.

Samkvæmt framangreindu og með vísan til VII. kafla lögreglulaga og hlutverki nefndarinnar er erindinu vísað frá nefndinni.

Niðurstaða

Erindi [REDACTED] er vísað frá nefndinni.

Reykjavík, 3. október 2023

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Grímur Sigurðarson

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 22090001

Ákvörðun nr. 49/2023

Þann 25. október 2023 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 49/2023.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED] bandarískum ríkisborgara, dags. 31. ágúst 2022. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við starfshætti starfsmanna embættisins. Að sögn [REDACTED] var hann stöðvaður fyrir hraðakstur og skyldaður til að greiða sektina á vettvangi ella eiga þess kost á að vera vísað samstundis úr landi.

Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá Lögreglustjóranum á Austurlandi þann 20. september 2022.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærnum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

2.

Lögrelustjórinn á Austurlandi svaraði nefndinni með bréfi dags. 29. september 2022. Meðfylgjandi voru vettvangsskýrsla og dagbókarfærsla vegna málsins ásamt greinargerðlögreglufulltrúa embættisins þar sem fram komu upplýsingar um mögulega bilun á upptökubúnaði lögreglubifreiðarinnar á þeim tíma sem atvikið átti sér stað.

Nefndinni bárust upptökur úr eyewitnesskerfi lögreglubifreiðarinnar þann 24. ágúst 2023. Nefndin telur óheppilegt að upptökur hafi aðeins borist nefndinni þegar kallað var eftir frekari gögnum þrátt fyrir að embættið hafi þegar framsent önnur gögn málsins þann 29. september 2022.

4.


Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [REDACTED] er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lítur að meintri rangri upplýsingagjöf og meintri þvingun til greiðslu sektar.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindi [REDACTED] og þau gögn sem henni bárust frá Lögrelustjóranum á Austurlandi. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, sér í lagi upptökum af afskiptunum, telur nefnd um eftirlit með lögreglu að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast vegna erindis [REDACTED]

Niðurstaða

Nefnd um eftirlit með lögreglu telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 25. október 2023


Skuli Þór Gunnsteinsson
formaður


Kristín Edwald


Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 22120004

Ákvörðun nr. 51/2023

Þann 25. október 2023 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 51/2023.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED] þann 11. desember 2022. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við meint áreiti og afskipti að ástæðulausu af hálfu starfsmanna embættis Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu af kvartanda. Fram kemur m.a. í erindinu að lögreglumenn hafi ítrekað veitt kvartanda eftirför og einnig gefið sig á tal við vinnuveitendur hans þegar hann starfaði sem öryggisvörður í nafngreindri verslun, sem að sögn kvartanda hafi leitt til þess að honum hafi verið sagt upp störfum.

Nefndin óskaði eftir upplýsingum frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu þann 27. janúar 2023.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 24. ágúst 2023. Meðfylgjandi voru dagbókarfærslur og ein skýrsla lögreglu vegna afskipta lögreglu af kvartanda.

Í bréfi embættisins kemur m.a. eftirfarandi fram: „LRH kannast ekki við að hafa [REDACTED] undir eftirliti af neinu tagi eða og getur ekki skýrt önnur atriði sem hann nefnir í erindi sínu.“

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.


Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [REDACTED] er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að meintu áreiti og starfsaðferðum starfsmanna Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindi [REDACTED] og þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum er lýst í kvörtun [REDACTED] og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, fær nefnd um eftirlit með lögreglu ekki séð að uppi séu vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Niðurstaða

Ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindis [REDACTED]

Reykjavík, 25. október 2023


Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður


Kristín Edwald


Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 23010007

Ákvörðun nr. 52/2023

Þann 25. október 2023 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 52/2023.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED] dags. 12. janúar 2023 og ákvað að taka það til skoðunar á grundvelli c-liðar 1. mgr. 35. gr. a. lögreglulaga nr. 90/1996. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við starfshætti rannsóknarlögreglumannsins [REDACTED] við rannsókn á heimilisofbeldismáli. Fram kemur að dóttir þeirra sé meintur þolandi í umræddu máli. Þau kvarta yfir því að [REDACTED] hafi tekið skýra afstöðu með geranda í málinu í stað þess að gæta hlutleysis og að samskipti hennar við dóttur þeirra við rannsókn málsins hafi leitt til þess að hún hafi farið aftur inn á heimili meints [REDACTED]

Nefndin óskaði eftir afstöðu embættisins til kvörtunarinnar og upplýsingum frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu þann 28. apríl 2023.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 2. júní 2023. Meðfylgjandi voru skýrslur vegna málsins, afstaða rannsóknarlögreglumanns til kvörtunarinnar og verklagsreglur embættisins í heimilisofbeldismálum.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.


4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindið og þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum er lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, fær nefnd um eftirlit með lögreglu ekki séð að uppi séu vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Niðurstaða

Ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins

Reykjavík, 25. október 2023


Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður


Kristín Edwald


Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 23030002

Ákvörðun nr. 53/2023

Þann 25. október 2023 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 53/2023.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED] dags. 22. mars 2023. Erindið var tvíþætt, annars vegar voru gerðar athugasemdir við meint harðræði við handtöku þann 29. desember 2022 þegar kvartandi var handtekin vegna gruns um ölvunarakstur og meintar rangfærslur í skýrslugerð vegna atviksins. Hins vegar voru gerðar athugasemdir við afskipti sem áttu sér stað þann 22. mars sl., þegar lögreglumenn mættu á heimili hennar eftir að hún hringdi í þjónustuver lögreglu með fyrirspurn. Fram kemur að hún hafi meinað þeim inngöngu en á það hafi ekki verið hlustað og hún hleypt þeim inn. Þá hafi lögregla lagt hald á farsíma hennar þegar hún var að ræða við manninn sinn og neitað að afhenda hann fyrr en hún hafði lokið sér af að tala við hann. Einnig kemur fram að hún hafi ítrekað beðið lögreglu að yfirgefa heimilið sitt en hún hafi neitað því.

Nefndin óskaði upplýsingum frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu þann 18. apríl 2023.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 9. maí 2023. Meðfylgjandi voru skýrslur vegna málsins og dagbókarfærslur lögreglu. Auk upptaka úr bókmyndavélum lögreglumanna vegna afskiptanna þann 29. desember 2022.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindið og þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu.

Í erindi sínu gerir kvartandi annars vegar athugasemdir sem lúta að rannsóknaraðferðum starfsmanna embættisins við rannsókn á meintu broti kvartanda þann 29. desember 2022. Ekki fellur undir valdsvið nefndarinnar sbr. 1. kafla að endurskoða framkvæmd rannsókna skv. lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála og er þeim hluta erindisins því vísað frá nefndinni.

Hins vegar gerir kvartandi athugasemdir við meint harðræði við handtöku og meintar rangfærslur í skýrslum starfsmanna Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Afskipti 29. desember 2022

Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum er lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, sér í lagi myndbandupptökum úr bókmyndavélum beggja lögreglumanna, telur nefnd um eftirlit með lögreglu að starfsmenn embættisins hafi sýnt fagmennsku og vönduð vinnubrögð við störf sín þann 29. desember 2022.

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Afskipti 22. mars 2023


Engar upptökur liggja fyrir vegna afskiptanna þann 22. mars 2023. Nefndin telur aðfinnsluvert að búkmyndavélar hafi ekki verið notaðar í umrætt sinn. Í ljósi þess sem þó liggur fyrir telur nefndin að ekki séu vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu vegna þeirra afskipta sem höfð voru af [REDACTED] þann 22. mars sl., sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996.

Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindis [REDACTED]

Niðurstaða

Ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 25. október 2023


Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður


Kristín Edwald


Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík

Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051

Netfang: nel@nel.is

Tilv.: 23040004

Ákvörðun nr. 55/2023

Þann 25. október 2023 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 55/2023.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED] dags. 9. mars 2023. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við framkomu og starfsaðferðir starfsmanna embættis Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Fram kemur í erindinu að kvartandi hafi upplifað fordómafulla framkomu af hálfu þeirra lögreglumanna sem mættu á vettvang í kjölfar þess að hann tilkynnti um innbrot á heimili sínu þann 11. febrúar 2023.

Nefndin óskaði upplýsingum frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu þann 15. ágúst 2023.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 22. ágúst 2023. Meðfylgjandi var dagbókarfærsla lögreglu vegna málsins. Fram kom einnig að engar upptökur eru til af afskiptunum þann 11. febrúar 2023.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaoýggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [REDACTED] er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lítur að framkomu og starfsaðferðum starfsmanna Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Aðrar athugasemdir sem kvartandi gerir í erindi sínu lúta að rannsóknaraðferðum starfsmanna embættisins. Ekki fellur undir valdsvið nefndarinnar sbr. 1. kafla að endurskoða framkvæmd rannsóknar skv. lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála og er þeim hluta erindisins því vísað frá nefndinni.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindi [REDACTED] og þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum er lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefndin að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu í umrætt sinn, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindis [REDACTED]. Nefndin gerir þó athugasemdir við að lögreglumenn hafi ekki verið með bókmyndavélar á sér við störf.

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Niðurstaða

Erindi [REDACTED] er vísað frá að hluta.

Ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 25. október 2023



Skúli Þór Gunnsteinsson

formaður



Kristín Edwald



Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 21120006

Ákvörðun nr. 56/2023

Þann 11. desember 2023 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 56/2023.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED], dags. 16. desember 2021. Í erindinu voru gerðar athugasemdir við starfshætti starfsmanna lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu þegar [REDACTED] var stöðvaður af lögreglu vegna meints brot gegn umferðarlögum þann 11. maí 2021 kl. 21:44 á ökutæki með skráningarnúmerið [REDACTED] tók fyrir í erindi sínu að hafa verið að nota farsíma við akstur eins og honum er gefið að sök og var gert að greiða sekt vegna þess. [REDACTED] kvaðst ósáttur við meðferð og afgreiðslu embættisins á málinu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu óskaði eftir upplýsingum frá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu þann 3. janúar 2022.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 13. janúar 2022. Þar sem fram kom eftirfarandi:

„Samkvæmt erindinu og gögnum málsins er sakborningur að væna lögreglu um einhverskonar óheiðarleg vinnubrögð. Hann var staðinn að því að tala í síma í akstri og neitar sök og telur lögreglu ekki fara með rétt mál.

Að mati embættisins skarast kvörtunarefnið við sjálf sakarefnið.

Ríkissaksóknari hefur talið að það sé í andstöðu við ákvæði sakamálalaga að samhliða málsmeðferð hjá ákærvaldinu fari fram málsmeðferð hjá öðru stjórnvaldi, eða stjórnarsýslunefnd.

Af þeim sökum munu gögn málsins ekki verða afhent fyrr en embættið hefur lokið meðferð málsins.“

Með dómi Héraðsdóms Reykjaness dags. [REDACTED] var [REDACTED] sýknaður af kröfum ákærvaldsins í málinu. Málinu var áfrýjað til Landsréttar þann [REDACTED] en síðar fallið frá áfrýjun [REDACTED].

Nefndin fékk afhent gögn vegna málsins frá embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu þann 19. október 2023. Meðfylgjandi voru öll gögn málsins ásamt upptökum úr eyewitness-kerfi lögreglubifreiðar og búkmyndavél lögreglumanns á vettvangi.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Af erindi [REDACTED] er ljóst að kvörtunin felur í sér athugasemdir við starfshætti starfsmanna lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, þegar þeir stöðvuðu hann vegna gruns um að hafa talað í símtæki við akstur.

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindið og þau gögn sem henni bárust frá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Ekki fellur undir valdsvið nefndarinnar sbr. 1. kafla að endurskoða framkvæmd rannsóknar samkvæmt lögum um meðferð sakamála.

Nefndin bendir á að Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu dró að senda nefndinni gögn þar sem málið var til meðferðar hjá ákærvaldinu og benti nefndinni á að Ríkissaksóknari hefur talið að það sé í andstöðu við ákvæði sakamálalaga að samhliða málsmeðferð hjá ákærvaldinu fari fram málsmeðferð hjá öðru stjórnvaldi, eða stjórnslunefnd. Nefndin hefur á því vissan skilning í stórum og erfiðum málum, sér í lagi málum er varða mikla hagsmuni, svo sem skipulagða brotastarfsemi, að gögn séu ekki látin frá sér í slíkum málum. Mál þetta varðar hins vegar afskipti lögreglu af manni sem grunaður var um að hafa brotið gegn 1. mgr. 57. gr., sbr. 1. mgr. 94. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Nefndin bendir á að hlutverk hennar er ekki að skera úr um sekt eða sýknu viðkomandi heldur að skoða háttsemi lögreglumanna á vettvangi og verklag. Yfirleitt er um afmarkaða skoðun að ræða.

Þann [REDACTED] var kveðinn upp dómur í máli [REDACTED] í Héraðsdómi Reykjaness þar sem kvartandi var sýknaður af broti því sem hann var sakaður um og tengist máli þessu. Í niðurstöðukafla dómsins eru störf lögreglu á vettvangi gagnrýnd. Fram kemur að „[þ]rátt fyrir að ákærði neitaði strax sök á vettvangi gerðu lögreglumenn, sem höfðu af honum afskipti, ekkert í því að afla hugsanlegra tiltækra gagna um sekt ákærða til að mynda með því að skoða farsíma hans strax á vettvangi. Með því hefði hugsanlega mátt sjá hvort ákærði hafi verið að nota farsímann skömmu áður en för hans var stöðvuð. Í ljósi neitunar ákærða á vettvangi hefði einnig verið ástæða til fyrir lögreglumennina að athuga hvaða símanúmer var á síma ákærða til að staðreyna hvort upplýsingar ákærða þar um væru réttar. Þegar ákærði hélt mótmælum sínum til streitu við meðferð málsins hjá lögreglu hefði lögreglu að öllum líkindum verið unnt, með samþykki ákærða eða eftir atvikum að fengnum dómsúrskurði, að fá upplýsingar um símanotkun hans hjá viðkomandi fjarskiptafyrirtæki kvöldið sem lögregla hafði af honum afskipti. Þetta var ekki gert og í raun fór engin rannsókn fram á máli ákærða.“ Síðan gagnrýnir dómurinn fulltrúa lögreglustjóra og segir „þeir sem rannsaka sakamál skulu vinna að því að hið sanna og rétta komi í ljós og gæta jafnt að þeim atriðum sem horfa til sýknu og sektar, sbr. 2.mgr. 53. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Þetta var ekki gert af hálfu lögreglu enda fór í raun enginn rannsókn fram á málinu eftir vettvangsrannsókn eins og fram er komið.“

Nefndin tekur undir það sem fram kemur í niðurstöðukafla dóms Héraðsdóms Reykjaness nr. [REDACTED], enda kemur það fram í gögnum málsins að kvartandi bauð lögreglu ítrekað farsímann á vettvangi til að sýna fram á sakleysi sitt. Lögreglumennirnir virtu hins vegar þá ósk að vettugi.

Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum er lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, eru vísbendingar um að starfshættir lögreglumannanna samræmist ekki

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

13. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 og geti talist ámælisverðir og beinir nefndin þeim tilmælum til Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu að taka málið til þóknanlegrar meðferðar, sbr. 2. mgr. 35. gr. laga nr. 90/1996.

Niðurstaða

Erindi [REDACTED] er sent Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu til þóknanlegrar meðferðar.

Reykjavík, 11. desember 2023

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 23040005

Ákvörðun nr. 57/2023

Þann 11. desember 2023 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 57/2023.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED], dags. 19. apríl 2023. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við framkomu og starfsaðferðir starfsmanns embættis lögreglustjórans á Suðurnesjum þann 23. mars sl., þegar afskipti voru höfð af kvartanda þar sem hann var við vinnu sína sem [REDACTED]. Hann heldur því fram í erindi sínu að honum hafi verið mismunað sökum uppruna síns þar sem aðeins var óskað eftir persónulegum upplýsingum um hann en enga aðra [REDACTED] á þeim tíma.

Nefnd um eftirlit með lögreglu óskaði eftir upplýsingum frá Lögreglustjóranum á Suðurnesjum þann 15. ágúst 2023.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumáður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 29. ágúst 2023. Meðfylgjandi voru dagbókarfærsla vegna málsins ásamt tölvupóstssamskiptum innan embættisins um málið þar sem fram komu skýringar á því af hverju afskipti voru höfð af kvartanda í umrætt sinn.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaoýggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [REDACTED] er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að framkomu og háttsemi starfsmanna lögreglustjórans á Suðurnesjum.

Í gögnum málsins kom fram að lögreglunni hefðu borist ábending um að tiltekin [REDACTED] væri ekki eins merkt og aðrar [REDACTED]. Lögregluþjónn fór því og ræddi við [REDACTED] og kom þá í ljós að [REDACTED] hafði öll leyfi tiltæk og bíllinn var merktur. Í svarbréfi aðstoðaryfirlöggregluþjóns til [REDACTED], dags. 11. apríl sl. kemur fram hvers vegna afskipti voru höfð af honum. Mögulega hefði mátt skýra afskiptin nánar út fyrir honum. Hins vegar var í bréfinu beðist afsökunar á því ef honum hafi fundist sér ógnað eða mismunað af hálfu lögreglu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindi [REDACTED] og þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á Suðurnesjum. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtun [REDACTED] og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefnd um eftirlit með lögreglu að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur óheppilegt að ekki séu til upptökur úr búkmyndavélum af vettvangi. Nefndin telur hins vegar ekki tilefni til að aðhafast vegna erindis [REDACTED].

Niðurstaða

Ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 11. desember 2023

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir